



06

KJARAMÁL

Það þarf þriðliða samstarf, traust og trúnað ef koma á þjóðarsátt um kjarasamninga.

14

KOSNINGAR 2015

Kynning á frambjóðendum til stjórnar VR. Kosnið er á milli 10 frambjóðenda til sjö sæta í stjórn.

26

FÉLAGSMENN

Hvað segja félagsmenn VR? Stutt viðtal við nokkra félagsmenn um félagið og þjónustu þess.

29

VR - SKÓLI LÍFSINS

Þátttaka í VR-Skóla lífsins er óháð stéttarfélagsaðild og eru öll ungmenni velkomin.



05

KJARAMÁL

06

Sanngirni verður að ráða för

08

Kröfugerð VR í kjarasamningum 2015

10

Verðlag og kjarasamningar

12

Launahækkanir og aukinn kaupmáttur

KOSNINGAR 2015

14

Úr lögum VR um kosningar

15

Allsherjaratkvæðagreiðsla í VR 2015

16

Kynning á frambjóðendum til stjórnar VR

21

Listi stjórnar og trúnaðarráðs 2015 -2017

FÉLAGSMÁL

03

Leiðari

04

Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn

05

Bætur teljast til tekna í skilningi fæðingarorlofslaga

21

Áhugaverð námskeið á næstunni

22

Aukin eftirspurn eftir Fræðslustjóra að láni

23

Hádegisfyrirlestrar vor 2015

26

Hvað segja félagsmenn VR?

29

VR – Skóli lífsins

34

Krossgátan

35

Könnun VR á Fyrirtæki ársins og launakjörum 2015

GREINAR OG VIÐTÖL

24

Framsækin löggjöf en þó gölluð

32

„Að fjörga og glæða livet“ – VR um aldamótin 1900



24



32

VR Blaðið

01 2015



Forsíðumynd

Sindri Hjartarson félagsmaður VR

Ljósmynd: Guðmundur Þór Káráson

VR blaðið

1. tlb. 37. árgangur febrúar 2015

Húsi verslunarinnar

Kringlunni 7

103 Reykjavík

Sími 510 1700

vr@vr.is

www.vr.is

Ábyrgðarmaður

Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Ritstjóri

Unnur Guðríður Indriáadóttir

Umbrot og útlit

Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur, Guðmundur Þór, Árdís

Birgisdóttir, Helga Laufey Guðmundsdóttir

Prentun

Oddi

Upplag

26.400

Stjórn VR

Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður

Sigurður Sigfússon ritari

Ásta Rut Jónasdóttir

Benóný Valur Jakobsson

Birgir Már Guðmundsson

Dóra Magnúsdóttir

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Harpa Sævarsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Páll Örn Lindal

Ragnar Þór Ingólfsson

Rannveig Sigurðardóttir

Svanhildur Þórsteinsdóttir

Varamenn

Ólafur Reimar Gunnarsson

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Gísli Kristján Gunnsteinsson

ÞAÐ ÞARF ÞRJÁ TIL ...

Það þarf tvo til að dansa tangó, segjum við oft, og mikið til í því. Ekki dansar maður tangó við sjálfan sig, svo mikið er víst. En það þarf þrjá til að koma á sátt á vinnumarkaði; verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur og stjórnvöld. Fyrir aldarfjórðungi var undirritaður þríhliða kjarasamningur sem kenndur er við þjóðarsátt. Allir lögðust á eitt til að ná fram þessari sátt og viðhalda hugmyndafræðinni að baki henni. Það tókst – traustið var til staðar og þjóðarsáttin 1990 er til marks um það hverju hægt er að ná fram með samstilltu átaki allra.



Í AÐDRAGANDA KJARASAMNINGA


VR hefur nú lagt fram og kynnt kröfugerð sína fyrir kjarasamninga 2015. Það er ljóst að viðræður verða afar erfiðar enda staðan á vinnumarkaði flókin. Forsendur í dag eru gerólíkar því sem þær voru við gerð þjóðarsáttarinnar 1990 og þær eru jafnvel allt aðrar en þær voru við gerð síðustu kjarasamninga VR fyrir rúmu ári.

Undir lok árs 2013 skrifaði VR undir kjarasamning með það að markmiði að auka kaupmátt og koma böndum á verðbólgunu. Markmið samningsins hvað verðlagsþróun varðar náðust og ber að fagna því. Launafólk á almennum vinnumarkaði lagði sitt af mörkum til þess – og vel það. Á þessum tíma studdi mikill meirihluti félagsmanna VR hugmyndina um þjóðarsátt, samkvæmt könnunum. Sáttin sem þessir kjarasamningar miðuðu að varð hins vegar ekki að veruleika, það tóku ekki allir þátt. Tilteknir hópar drógu sig út úr samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvöld stóðu ekki við gefin loforð. Svo einfalt er það.

MARKMIÐIÐ ER AÐ AUKA RÁÐSTÖFUNARTEKJURNAR

Mikið er rætt um aukinn kaupmátt launa síðustu misseri í fjölmiðlum. Það er ósanngjarnt að tala um að allt sé á uppleið í íslensku efnahagslífi og miða eingöngu við útvalda hópa. Háir vextir og hækkun á matarskatti koma illa við almennt aunafólk sem margt nær ekki endum saman. Kröfur VR í komandi kjarasamningum miða að því að auka ráðstöfunartekjur félagsmanna. Til að ná því þurfum við að tala saman. Þó að við séum ekki alltaf sammála um leiðina verðum við að vinna að lausn. Það er ábyrgð okkar allra. Við getum hinkrað örstutta stund eftir því að stjórnvöld komi að borðinu, kjarasamningarnir voru að renna út, en við getum ekki beðið lengi – til þess er einfaldlega of mikið í húfi.

KOSIÐ TIL STJÓRNAR

Í byrjun mars hefjast kosningar til stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2015–2017. Kosið er um helming stjórnarmanna ár hvert og alla varamenn. Ég vil hvetja félagsmenn til að kynna sér vel áherslur þeirra tíu einstaklinga sem bjóða fram starfskrafta sína í þágu félagsins í þessum kosningum, en í blaðinu er ítarleg umfjöllun um kosningarnar. Og svo hvet ég auðvitað alla félagsmenn til að nýta kosningarétt sinn. Hvert atkvæði skiptir máli! 

*Ólafía B. Rafnsdóttir,
formaður VR.*

» Fyrir aldarfjórðungi var undirritaður þríhliða kjarasamningur sem kenndur er við þjóðarsátt. Allir lögðust á eitt til að ná fram þessari sátt og viðhalda hugmyndafræðinni að baki henni. «

ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR
FORMAÐUR VR



**AÐALFUNDUR VR VERÐUR
HALDINN Á HILTON
REYKJAVÍK NORDICA
MIÐVIKUDAGINN 25. MARS NK.
OG HEFST KL. 19.30.**

**DAGSKRÁ FUNDARINS
ERU VENJULEG
AÐALFUNDARSTÖRF.**

NÝIR OG ENDURKJÖRNIR TRÚNAÐARMENN VR

NAFN

Aðalsteinn Heimir Jóhannsson
Agnieszka Maria Surma
Antonios Karaolanis
Björn Jónsson
Daniel James Roche
Edda Svanhildur Holmberg
Elín Sigríður Gísladóttir
Erna Sif Jónsdóttir
Guðmundur Bergmann Pálsson
Guðrún Ýr Halldórsdóttir
Haukur Bernhardsson Linn
Hjördís Garðarsdóttir
Hrafnhildur Sigurgísladóttir
Margrét Rán Kjærnesteð
Pétur Eggert Oddsson
Sigrún Guðmundsdóttir
Svanhildur E Benjamínsdóttir
Trausti Guðmundsson

VINNUSTAÐUR

Tryggingamiðstöðin hf.
Hagkaup
Landvélar ehf.
LS Retail ehf.
Hótel 1919 ehf.
Icelandair ehf.
Leikfélag Reykjavíkur ses.
Deloitte ehf.
Húsasmiðjan ehf.
Dressmann á Ísl. ehf.
Flúgger ehf.
Neyðarlínan ehf.
Íslandsspil sf.
Atlantik ehf.
Deloitte ehf.
Miklatorg hf.
Tryggingamiðstöðin hf.
Advania hf.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

VEISTU ALLT UM SJÓÐI OG ÞJÓNUSTU VR?

24. MARS 2015 KL. 09.00–11.00

Leiðbeinandi: Selma Kristjánsdóttir, starfsmaður VR.

Þjónusta VR er víðtæk og á þessu námskeiði verður farið yfir helstu þjónustuliði VR. Farið verður sérstaklega yfir VR varasjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð og starfsmenntasjóðina. Þá verður farið yfir starfsemi og þjónustu STARFs, sem er þjónusta VR við atvinnuleitendur, og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.

Ákveðið hefur verið að breyta til varðandi nálgun á viðfangsefninu frá því sem áður hefur verið. Því hvetjum við þá sem hafa setið námskeiðið áður að mæta og rifja upp. Einnig breytast reglugerðir og ný viðmið koma reglulega upp í þjónustuliðum VR.

Léttur morgunmatur verður í boði.

RADDBEITING OG LÍKAMSTJÁNING – DALE CARNEGIE

22. APRÍL 2015 KL. 09.00–10.45

Frábært námskeið í boði fyrir trúnaðarmenn VR um raddbeitingu og líkamstjáningu við kynningar. Hrynjandi, svipbrigði og líkamstjáning geta verið allt að 90% af skilaboðunum sem fólk meðtekur. Kynningar verða áhrifaríkari ef þú bætir raddsvið, svo sem vörpun, framburð, hraða og tónhæð, og líkamstjáningu, svo sem stöðu, handahreyfingar og svipbrigði.

Á þessu námskeiði færðu tækifæri til að skoða hvaða þættir skapa sjón- og hljómræna ímynd þína. Þú skoðar leiðir sem eru innan þíns áhrifsviðs og gera þig faglegrí, kraftmeiri og áhugaverðari.

Við lok þessa námskeiðs verða þátttakendur færir um að:

- Meta hvernig áheyrendur mynda sér skoðun á þeim út frá rödd þeirra og líkamstjáningu.
- Bæta handahreyfingar, líkamsstöðu og hreyfingar til að hafa meiri áhrif.
- Greina hvernig framkoma og rödd hafa áhrif á upplifun áheyrenda.
- Auka sveigjanleika sinn og kraft.

Léttur morgunmatur verður í boði.

Skráning er á www.vr.is, í síma 510 1700 eða senda tölvupóst á vr@vr.is

ÞARFTU AÐSTÖÐ VIÐ SKATTFRAMTALIÐ?

Mánudaginn 16. mars og þriðjudaginn 17. mars milli kl. 15.00 og 19.00 munu sérfræðingar KPMG bjóða félagsmönnum VR aðstoð við skattframtalið.

Hver tími er 15 mínútur. Skráning á www.vr.is eða í þjónustuveri VR í síma 510 1700.



Hér má sjá myndir úr síðustu heimsóknum Ólafíu, í Rauða krossinn og Nýherja.

ERUM VIÐ BÚIN AÐ HEIMSÆKJA ÞITT FYRIRTÆKI?

Það skiptir miklu máli að heyra hvaða áherslur félagsmenn VR hafa, hugmyndir þeirra og viðhorf til þess sem félagið er að gera. En það er markmiðið okkar með heimsóknum Ólafíu B. Rafnsdóttur, formanns VR, til fyrirtækja. Á árinu 2014 heimsótti Ólafía 17 fyrirtæki og er það von okkar að þau verði enn fleiri í ár. Hafið samband við Árdísi Birgisdóttur, ardis@vr.is ef þið viljið fá okkur í heimsókn. Við hlökkum til að heyra í ykkur.

BÆTUR TELJAST TIL TEKNA Í SKILNINGI FÆÐINGARORLOFSLAGA

Úrskurðarnefnd í fæðingar- og foreldraorlofsmálum felldi nýverið úr gildi ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs þess efnis að við útreikning á greiðslum úr sjóðnum skyldi ekki taka tillit til greiðslna móður úr Sjúkrasjóði VR sem hún fékk vegna veikinda barns. Um var að ræða félagsmann VR sem fékk bætur úr Sjúkrasjóði VR vegna veikinda barns síns á viðmiðunartímanum sem lagður er til grundvallar við útreikning greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði. Fæðingarorlofssjóður taldi ekki að taka ætti tillit til greiðslunnar þar sem ekki hefði verið greitt úr Sjúkrasjóði vegna eigin veikinda móðurinnar.

Úrskurðarnefndin hafnaði þessari niðurstöðu. Úrskurður nefndarinnar tekur skv. efni sínu til greiðslna úr sjúkrasjóði vegna veikinda barna en á jafnframt við um greiðslur vegna alvarlegra veikra maka.



Á myndinni eru frá vinstri: Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, Sigurður Viðarsson, forstjóri TM og Ragnhildur Ragnarsdóttir, forstöðumaður mannauðsmála hjá TM.

JAFNLAUNAVOTTUN VR

Fyrirtækjum og stofnunum sem fengið hafa Jafnlaunavottun VR fjölgar, TM hefur nú bæst í hópinn. Alls hafa nú 23 fyrirtæki og stofnanir úr fjölmörgum atvinnugreinum fengið Jafnlaunavottun VR frá því að henni var hleypt af stokkunum fyrir tveimur árum.

Jafnlaunavottun VR er skýrt dæmi um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Vottunin er markviss leið fyrir atvinnurekendur til að uppfylla kröfur jafnlaunastaðals Staðlaráðs Íslands og er jafnframt tæki fyrir fyrirtæki og stofnanir til að meta stöðu kynjanna innan eigin veggja með viðurkenndri aðferðafræði og samræmdum viðmiðum. Öll fyrirtæki og stofnanir á íslenskum vinnumarkaði geta sótt um Jafnlaunavottun VR, óháð stéttarfélagsaðild starfsmanna sinna.

SANNGIRNI VERÐUR AÐ RÁÐA FÖR

Laun á Íslandi eru umtalsvert lægri en í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við, samkvæmt nýlegri úttekt Alþýðusambands Íslands, ekki síst laun þeirra sem starfa við afgreiðslu, sölu eða þjónustu. Lágmarkslaun hér á landi eru einfaldlega of lág, um það erum við öll sammála, og tími til kominn að leiðrétta það. Þess vegna leggjum við áherslu á krónutöluhækkun í þeim viðræðum sem nú eru hafnar um nýjan kjarasamning. Við verðum að hafa sanngirni að leiðarljósi. Kröfur VR eru innan þess ramma sem atvinnulífið ræður við; kostnaðarauki fyrirtækja er tæplega sjö milljarðar króna.

Um miðjan febrúar kynnti VR launakröfur sínar fyrir komandi samninga, en kröfugerð félagsins er birt í heild sinni á næstu opnu. Meginatriðin eru:

- Að samið verði til eins árs þar sem meðalhækkun launa er kr. 24.000, m.v. fullt starf.
- Við launahækkunarverði stuðst við launaþróunartryggingu að hámarki kr. 50.000 m.v. fullt starf. Frá þeirri upphæð dragast launahækkunar tímabilinu 1. janúar 2014 til 28. febrúar 2015.
- Að lágmarkslaun fyrir fullt starf verði kr. 254 þús.
- Að áhersla verði lögð á að starfsmenntun skili sér í hærri launum starfsmanna.
- Kostnaðarauki atvinnulífsins er kr. 6,9 milljarðar eða 5,35%.



ÓLAFÍA B.
RAFNSDÓTTIR
FORMAÐUR VR

SAMNINGUR TIL EINS ÁRS


VR leggur til að samið verði til eins árs að þessu sinni, það eru ekki forsendur að okkar mati fyrir langtímasamningi. Markmið síðustu kjarasamninga hvað verðlagsþróun snertir stóðust og mikilsverður áfangi náðist. Við fögnum því. En sá stöðugleiki sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi er í skjóli hafta og mikil óvissa ríkir með afnám þeirra. Þá er ekki til staðar það traust sem nauðsynlegt er milli aðila vinnumarkaðarins annars vegar og stjórnvalda hins vegar ef semja á til þriggja eða fjögurra ára. Það þarf þríhliða samstarf, traust og trúnað ef koma á þjóðarsátt um kjarasamninga.

24 ÞÚSUND KRÓNA MEÐALHÆKKUN

Í kröfugerð sinni leggur VR áherslu á að hækka lægstu laun og millitekjur. Innan VR er millitekjuhópurinn stærstur eins og sjá má á mynd 1. Flestir félagsmenn eru í tekjuhópnum frá 370–410 þúsund krónur á mánuði en miðgildi launa er hærra, um 460 þúsund krónur á mánuði.

Millitekjuhópurinn tók á sig auknar byrðar í kjölfar hrunsins og gætir réttilega nokkurrar óþreyju innan hans með leiðréttingu á sínum kjörum. Að mati VR er launaþróunartrygging sú leið sem hentar best til að koma til móts við þær kröfur sem þessir félagsmenn gera, sem og aðrir innan félagsins. Í kröfugerð VR er gert ráð fyrir

MYND 1 - DREIFING FÉLAGSMANNA VR YFIR LÁGMARKSLAUNUM



50 þúsund króna launatryggingu fyrir tímabilið frá 31. desember 2013 til loka febrúar í ár. Frá þessari upphæð dragast allar launahækkningar á tímabilinu, þ.m.t. 2,8% hækkun í upphafi síðasta árs. Meðalhækkun félagsmanna yrði 24 þúsund krónur.

254 ÞÚSUND KRÓNA LÁGMARKSLAUN

Í dag eru lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum VR 214 þúsund krónur á mánuði. Það dugar skammt. Launapróunartrygging VR hækkar lægstu launin umtalsvert, um 40 þúsund krónur. Þau verða því 254 þúsund krónur á mánuði. Félagismaður sem í dag hefur kr. 500 þúsund í laun fengi rúmlega 36 þúsund króna hækkun. Launapróunartrygging á því formi sem VR leggur hér til skilar þeim sem hafa lægri launin meiri hækkun en þeim sem hafa hærri laun.


MEIRI MENNTUN SKILI HÆRRI LAUNUM

Aukin menntun og þjálfun er mikilvægur liður í því markmiði okkar að hefja störf í verslun og þjónustu til vegs og virðingar. En hver er hvati starfsmanna að sækja sér aukna menntun og þekkingu? VR leggur áherslu á að aukin menntun starfsfólks á vinnumarkaði verði að skila því áþreifanlegum ávinningi, þ.e. hærri launum. Aukin menntun eykur bæði verðmætasköpun fyrirtækja og lífsgæði einstaklinga. Það er ástæða þess að við leggjum áherslu á þennan málaflokk. Við teljum brýnt að samkomulag náist um bókun um starfsmenntamál í næstu kjarasamningum.

TÆPLEGA SJÖ MILLJARÐA KRÓNA KOSTNAÐUR FYRIRTÆKJA

VR hefur lagt mat á kostnaðarauka atvinnulífsins vegna launakrafna félagsins í komandi kjarasamningaviðræðum og nemur hann tæplega sjö milljörðum króna, eða sem svarar til 5,35%. Þá er hins vegar ekki búið að taka tillit til þeirrar staðreyndar að launahækkningar skila sér að stórum hluta til atvinnulífsins á nýjan leik – laun eru ekki bara kostnaður fyrirtækja heldur einnig tekjur þeirra. Um 80% af tekjum okkar fara í neyslu og því er ljóst að atvinnulífið fær stóran hluta af kostnaðinum sem hlýst af þessum launahækkunum til baka.

MYND 2 - LAUNAPRÓUNARTRYGGING



Að baki kröfugerð VR liggur skýr hugmyndafræði – sanngirni verður að ráða för þegar við ræðum hvernig á að skipta þjóðarkökunni. Það er okkar krafa. [VR](#)

¹ Sjá úttekt ASÍ, Laun á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin, 2015. Birt á heimasíðu ASÍ 27. janúar 2015.

» Millitekjuhópurinn tók á sig auknar byrðar í kjölfar hrunsins og gætir réttilega nokkurrar óþreyju innan hans með leiðréttingu á sínum kjörum. Að mati VR er launapróunartrygging sú leið sem hentar best til að koma til móts við þær kröfur sem þessir félagsmenn gera sem og aðrir innan félagsins. «

KRÖFUGERÐ VR Í KJARASAMNINGUM 2015

Um miðjan febrúar lögðu VR og LÍV fram kröfugerð fyrir komandi kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins. Kröfugerðin er birt í heild sinni hér að neðan.

Markmiðið með gerð kjarasamninga er að auka ráðstöfunartekjur launafólks. Félagsmenn VR og LÍV, Landsambands íslenskra verzlunarmanna, gera þá réttmætu kröfu að laun þeirra verði leiðrétt í ljósi kauphækkana annarra hópa á vinnumarkaði síðustu misseri og að sanngirni verði höfð að leiðarljósi í kjarasamningagerðinni. VR/LÍV leggja einnig áherslu á mikilvægi starfsmenntunar í kjaraviðræðunum og að menntun sem í boði er sé markviss, í takt við þarfir atvinnulífsins og verði metin til launa.

FORSENDUR KJARASAMNINGA

VR/LÍV telja skynsamlegt að gera kjarasamning til skemmri tíma. Staðan á vinnumarkaði og í efnahagslífinu bindur hendur okkar og litlar forsendur eru fyrir langtímasamningi. Stöðugleiki í íslensku efnahagslífi stendur ótryggjum fótum þar sem óvissa ríkir um afnám gjaldeyrishaftanna á þessu ári.

Ljóst er að árangur náðist með síðustu kjarasamningum hvað varðar verðbólguþáttverð þeirra. En aðrir hópar en félagsmenn VR/LÍV fengu umtalsvert meiri launahækkunir á tímabilinu. Á árinu 2014 lítur út fyrir að afkoma fyrirtækja verði góð og að flest fyrirtæki á markaði muni skila umtalsverðum hagnaði. Auk þess lítur út fyrir að árið 2015 verði hagfelld fyrir atvinnulífið en Seðlabanki Íslands reiknar með 4,2% hagvexti á árinu og hækkun á helstu útflutningsafurðum.

Markmið kjarasamninga er að auka kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna. Milli árunna 2012 og 2013 dróst kaupmáttur saman um 0,7% eftir litla hækkun, eða 0,3%, milli árunna 2011 og 2012. Árið 2013 var kaupmáttur ráðstöfunartekna svipaður og hann var árið 2003. Kaupmáttarvísitala VR hækkaði um 3,6% milli árunna 2013 og 2014. Ef kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hækkar svipað á árinu 2014 má búast við að hann verði nálægt því sem hann var um áramót 2003/2004.

LAUNAPRÓUNARTRYGGING

Að mati VR/LÍV er launapróunartygging, eða svokallaður baksýnisþeggill, best til þess fallin að tryggja sanngirni við þær leiðréttingar sem félagsmenn gera réttmæta kröfu til. VR/LÍV leggja til viðmiðunar hækkunir í kjarasamningum opinberra starfsmanna og gera kröfu um krónutölu-

hækkun fyrir tímabilið 31. desember 2013 til og með 28. febrúar 2015. Grunnhækkun launa við gildistöku samningsins er kr. 50 þúsund fyrir þá starfsmenn sem voru í starfi hjá sama launagreiðanda þann 31. desember 2013. Frá grunnhækkun dregst önnur sú launahækkun sem starfsmaður hefur fengið frá 1. janúar 2014 til og með 28. febrúar 2015. Miða skal við heildarlaun, þ.e. föst og reglubundin viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast. Frádráttur getur aldrei numið meiru en grunnhækkun.

DÆMI UM LAUNAPRÓUNARTRYGGINGU

(MIÐAÐ ER VIÐ LAUN FYRIR FULLT STARF):

- Lágmarkslaun sem voru kr. 204.000 í desember 2013 og eru í dag kr. 214.000 skv. síðustu kjarasamningum, myndu hækka um kr. 40.000 og yrðu kr. 254.000.
- Mánaðarlaun sem voru kr. 350.000 í desember 2013 og eru í dag kr. 359.800 skv. síðustu kjarasamningum, myndu hækka um kr. 40.200 og yrðu kr. 400.000.
- Mánaðarlaun sem voru kr. 700.000 í desember 2013 og eru í dag kr. 719.600 skv. síðustu kjarasamningum, myndu hækka um kr. 30.400 og yrðu kr. 750.000.

Grunnhækkun starfsmanna sem hófu störf á tímabilinu 2. janúar 2014 til 31. desember 2014 er kr. 30 þúsund. Frá grunnhækkun dregst önnur sú launahækkun sem starfsmaður hefur fengið frá 2. janúar 2014 til og með 28. febrúar 2015. Miða skal við heildarlaun, þ.e. föst og reglubundin viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast. Frádráttur getur aldrei numið meiru en grunnhækkun.

STARFSMENNTAMÁL

Aukin menntun og fræðsla eru grunnurinn að styrkari stöðu verslunar- og þjónustufólks. Mikilvægt er að fulltrúar vinnumarkaðarins, í samstarfi við menntayfirvöld í landinu, ljúki við að skilgreina starfsmenntun fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum með námslokum sem verða metin til launa. Í boði verði samfellt nám á framhaldsskólastigi fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum.

Þá telja VR og LÍV brýnt að tryggja að starfsmenn með stutta formlega menntun fái tækifæri til að fá reynslu sína metna í raunfærnimati sem skili þeim áleiðis að formlegri starfsmenntun.

VR og LÍV telja mikilvægt að fulltrúar vinnumarkaðarins sammælist um bókun um starfsmenntamál í þessum kjarasamningi.

AÐRAR KRÖFUR

VR/LÍV lögðu fram kröfugerð í tengslum við gerð kjarasamningar árið 2013. Þá var skrifað undir eins árs aðfarasamning þar sem áhersla var lögð á launaliðinn og undirbúning nýs samnings. Kröfugerð frá 2013 hvað varðar aðra þætti en laun er því enn til umræðu á vettvangi VR/LÍV og atvinnurekenda. Kröfur hvað varðar aðra þætti en launaliðinn eru birtar hér að neðan.

LAUN OG ORLOFSRÉTTINDI

- Orlofsréttindi verði aukin, m.a. með það að markmiði að tryggja áunninn orlofsrétt enn frekar. Þá þarf að leysa ágreining sem verið hefur uppi varðandi ávinnslu orlofs eftir 5 ára starf hjá fyrirtæki.
- Launagreiðslur í kjölfar vinnuslysa verði þær sömu og vegna veikinda þannig að föst og reglubundin laun verði greidd, eins og gert er í almennum veikindarétti.
- Launagreiðslur á rauðum dögum verði settar inn í kjarasamning aðila með skýrari hætti en áður.
- Hækkun desember- og orlofsuppbóta skv. almennum hækkunum.
- Farið verði sérstaklega yfir launapátt starfsmanna sem starfa í gestamóttökum hótela, apótekum og þeirra sem starfa í ferðapjónustu.
- Launagreiðendum verði gert skylt að boða starfsmenn til árlegs viðtals um starf og launakjör með sannanlegum hætti.

VINNUTÍMI

- Ferðatími vegna ferðalaga á vegum vinnuveitanda teljist til vinnutíma og greiðist samkvæmt því.

ATVINNUÖRYGGI

- Nefnd hefur verið starfandi varðandi öryggi og aðbúnað verslunarfólks. Vinna nefndarinnar er langt komin og hefur gengið vel. Lagt er til að niðurstöður hennar verði lagðar til grundvallar bókonar í kjarasamningi aðila með það að markmiði að bæta stöðu verslunarfólks.
- Mikilvægt er að ræða sveigjanleg starfslok starfsmanna vegna aldurs með það að markmiði að tryggja góða framkvæmd í þessum málaflokki.



LÍFEYRISMÁL, TRYGGINGAR, VEIKINDARÉTTUR O.FL.

- Launamenn séu að fullu slysatryggðir á ferðalögum erlendis í þágu vinnuveitanda, sbr. bókun frá árinu 2011.
- Allur kostnaður vegna læknisvottorða og komugjalda verði greiddur af launagreiðanda, ef vinnuveitandi óskar eftir læknisvottorði vegna veikinda.
- Veikindaréttur vegna barna verði útvíkkaður til að mæta veikindum maka og foreldra.
- Unnin verði frekari endurskoðun á ákvæðum um tryggingar launþega.

JAFNRÉTTISMÁL

- VR og LÍV krefjast þess að baráttan gegn kynbundnum launamun á vinnumarkaði verði hert en þar hefur VR verið í forystu á undanförunum árum. Jafnlaunavottun er stjórntæki sem VR hefur sett fram í því sambandi og hvetur atvinnurekendur til aukins samstarfs til að tryggja öllum á vinnumarkaði sömu laun fyrir sömu eða sambærilega vinnu.

ANNANÐ

- „Pakkalaun“ verði nánar skilgreind og hvað í þeim felst, s.s. hvert er verðgildi dagvinnu, eftirvinnu og yfirvinnu hjá hverjum launþega. Auk þess þarf að tryggja að réttindi launþega skv. kjarasamningi geti ekki fallið undir pakkalaun nema með sérstöku samkomulagi milli VR/LÍV annars vegar og SA hins vegar.
- Farið verði yfir réttarstöðu fólks sem er í hlutastörfum og/eða íhlaupastörfum.
- Farið verði sérstaklega yfir réttarstöðu fólks sem vinnur á bakvöktum, bæði hvað varðar greiðslur og útköll.

Að öðru leyti er vísað til sameiginlegra krafna aðildarfélaga ASÍ. 

VERÐLAG OG KJARASAMNINGAR

Mikið er rætt þessa dagana um áhrif launa á verðlag. Einföld mynd er dregin upp af sambandi launa og verðlags og ályktað að lítið annað en laun hafi áhrif á verðbólgu. Þekkt er að gengi íslensku krónunnar, ásamt miklum sveiflum í olíuverði, hefur mikið að segja um verðbólgu á Íslandi, slíkt þekkjum við frá 2011 og frá síðustu 7-8 mánuðum. Hálfu ári fyrir kjarasamningsbundna launahækkun í júní 2011 var olíuverð búið að hækka um tæp 35%, krónan veikjast um 6,3% og vísitala launa hækka um 2%. Á sama tímabili, í maí 2011, var innlent verðlag búið að hækka um 3,1%. Í dag eru flestir sammála því að verðbólga sé lág vegna gífurlegra olíuverðslækkana á heimsmarkaði og stöðugu gengi krónunnar. Færri virðast átta sig á því að sömu kraftar voru að verki árið 2011, nema með öfugum formerkjum.

Sjaldan hafa verið jafn háværar raddir um miklar launahækkningar og í dag, á sama tíma og verðbólga er í sögulegu lágmarki, sama hvaða mælikvarði á verðlag er notaður. Þau rök að atvinnurekendur hækki verðlag áður en til kjarasamningsbundinna hækkana kemur standast ekki skoðun; innlend verðbólga í janúar 2015 mældist 1,8%, sem er töluverð hækkun frá desember 2014 þegar hún var -0,8%. Helsta skýringin á þessari hækkun er matarskatturinn.

Þetta sýnir því allt aðra mynd en þá sem fær mestan hljómgrunn um að launahækkningar umfram framleiðniþróun leiði alltaf til aukinnar verðbólgu og gengisfalls. Rétt er að geta þess að hér er verið að miða við launahækkningar sem hingað til hafa átt sér stað. Tugprósenta hækkun launa á einu ári þvert á allan vinnumarkaðinn myndi óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á verðlagsþróun.

GENGI KRÓNUNNAR RÁÐANDI ÞÁTTUR

Frá maí 2000 til janúar 2014 hafa verið 16 kjarasamningsbundnar hækkningar. Í þau skipti sem verðbólga hefur verið há í kringum kjarasamninga hefur krónan yfirleitt verið að veikjast mánuðina á undan. Á mynd 1 má sjá hvernig krónan hafði veikst og olíuverð rokið upp mánuðina fyrir kjarasamningsbundnu hækkunina 2011. Í dag má sjá öfuga þróun; olíuverð hefur lækkað mikið og krónan haldist tiltölulega stöðug.

Í kjölfar gengislækkunar og olíuverðshækkunar 2011 fór verðbólga af stað. Ein af mögulegum skýringum á



VIÐAR INGASON
HAGFRÆÐINGUR VR

gengisveikingunni var gífurleg aukning í afborgunum af erlendum lánum, sem fóru úr 4,3% af landsframleiðslu í 7,3% milli ára 2010 og 2011.

Sé tímabilið mars 1998 – nóvember 2014 skoðað virðast gengisbreytingar leiða þróun verðlags um 2-3 mánuði að jafnaði, þ.e. verðbólga fer af stað 2-3 mánuðum eftir að gengið veikist. Sama á við ef skoðað er tímabilið janúar 2010 – nóvember 2014. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknar sem unnin var fyrir Rannsóknarsetur verslunarinnar um áhrif gengis á verðlag. Í þeirri rannsókn segir einnig: „Launabreytingar skýra tiltölulega lítinn hluta breytileika verðvísitalnanna, innan við 10% fyrir alla fjóra vöruflokkana að 12 mánuðum liðnum.“

Einnig hefur samband verðbólgu við laun og innflutningsverð verið sérstaklega kannað. Þar kemur m.a. fram að „... aðrir þættir [en laun og innflutningsverð] hafi ráðið miklu um verðbólguþróun frá 1984-2001.“

Mörg dæmi eru um að það dragi úr innlendri verðbólgu í kjölfar kjarasamningsbundinna launahækkana. Ástæðan virðist alltaf vera gengisstyrking mánuðina fyrir eða eftir hækkningar. Í átta af 16 kjarasamningum á tímabilinu 2000-2014 var innlend verðbólga neikvæð eða innan við 1% næstu 12 mánuði. Tvær kjarasamningsbundnar hækkningar komu til árið 2006, 2,5% í janúar og allt að 3% í júlí (5,5% launaprúnartrygging). Næstu 12 mánuði mældist innlend verðbólga -3,3%, launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,3% og gengið styrktist um 14,8%.

Svo kann að vera að hingað til hafi kjarasamningsbundnar hækkningar verið hóflegar þó að laun hafi almennt hækkað nokkuð meira en samið var um. Það breytir því ekki að laun hafa ekki þau áhrif á verðlag sem almennt er haldið fram. Ef svo væri ætti innlend verðbólga að vera töluvert hærri en hún er í dag á sama tíma og launavísitala Hagstofunnar hefur hækkað um 6,6%.

HÆRRI LAUN, AUKIN FRAMLEIÐNI

Yfirleitt er gert ráð fyrir því að framleiðni þurfi fyrst að aukast, svo hækki launin. Margar hagfræðikenningar og rannsóknir sýna að sambandið sé frá auknum launahækkunum til aukinnar framleiðni. Hækkun launa

getur vissulega haft áhrif á verðlag en atvinnurekendur leita oft annarra leiða til að mæta hækkun launa en að velja þeim út í verðlag. Þeir reyna til að mynda að auka afköst með því að auka starfshæfni starfsfólks og menntunarstig, sem getur leitt til virðisauka. Þannig eykst framleiðni eftir að laun hækka. Starfsfólk getur einnig lagt sig meira fram eftir að laun þess hækka, þar sem nú er meira í húfi. Þannig virka launahækkarir sem hvatning til að gera betur.

HVAÐ ERU LAUN?

Sjaldan er fjallað um hvað laun eru í raun og veru. Margir virðast rugla vinnuafli saman við önnur aðföng sem fyrirtæki þurfa á að halda í framleiðslu sinni. Munurinn á vinnuafli og öðrum aðföngum er töluvert mikill, en vinnuaflið fær greitt fyrir vinnu sína og nýtir þá fjármuni í neyslu. Neysla er svo ekkert annað en kaup launamanna á vörum og þjónustu fyrirtækja. Um 80% af tekjum launamanna fara í neyslu. Þeir tekjulægstu eyða að jafnaði öllum sínum launum í neyslu en þeir tekjuhæstu eyða um 70%. Þannig er ekki rétt að tala aðeins um áhrif aukins kostnaðar á fyrirtæki vegna launahækkana heldur er ljóst að tekjur margra þeirra aukast á móti. Þannig skiptir einnig máli hversu vel fyrirtæki geta mætt þessari auknu eftirspurn.

Í könnun Samtaka atvinnulífsins meðal stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins kemur meðal annars fram að 66,5% stjórnenda telja það vandalaust að bregðast við óvæntri aukningu í eftirspurn eða sölu. Slíkt er ekki óeðlilegt enda sjaldan þannig að fyrirtæki vinni við 100% afkastagetu. Hagstofur annarra landa og efnahagssvæða

safna upplýsingum frá fyrirtækjum um nýtingu afkastagetu. Í ljós kemur að fyrirtæki í framleiðslu nýta einungis 75-85% afkastagetu sinnar. Þannig er auðvelt að mæta óvæntri aukinni eftirspurn og fyrirtæki ættu ekki að þurfa að hækka vöruverð þó að eftirspurn aukist heldur er eftirspurninni mætt með aukinni framleiðslu.

LOKAORÐ

Fjölmargir þættir hafa áhrif á verðlag og eru laun einn af þeim en hlutdeild þeirra er þó töluvert minni en almennt er haldið fram. Í dag eru flestir sammála um að verðbólga sé lág vegna gífurlegrar lækkunar á heimsmarkaðsverði á olíu og tiltölulega lítilla sveiflna í gengi krónunnar. Árið 2011 var þessu öfugt farið, þ.e. heimsmarkaðsverð á olíu var búið að hækka um 35% sex mánuðina fyrir kjarasambundnu hækkunina í júní 2011 og gengið búið að veikjast um 6,3% yfir sama tímabil. Þannig voru sömu kraftar að verki árið 2011 og nú í dag, nema með gagnstæðum formerkjum. Auknum launahækkunum fylgir aukin neysla á vörum og þjónustu fyrirtækja og því er rangt að fjalla aðeins um laun sem kostnað gagnvart fyrirtækjum. ^{lv}


¹ Fjármálastöðugleiki, 2014-2.

² Kári Joensen, 2011. Áhrif gengis á verðlag

³ Samband verðbólgu við laun og innflutningsverð. Guðmundur Guðmundsson, Fjármálatíðindi 49. árgangur síðara hefti 2002.

⁴ M.v. tölur um ráðstöfunartekjur og útgjöld heimila eftir tekjum skv. Rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna 2010-2012. Þjóðhagslíkan Seðlabankans gerir einnig ráð fyrir að um 76% af ráðstöfunartekjum fari í neyslu.

ÞRÖUN VERÐLAGS, LAUNA, GENGIS OG OLÍUVERÐS



Löðréttu brotalínurnar tákna þann mánuð þegar kjarasambundnu hækkunirnar tóku gildi. Ekki er að finna neina reglu um það að innlend verðbólga fari af stað í kjölfar né aðdraganda kjarasamninga. Þannig má til að mynda nefna kjarasamninga í janúar 2005 þegar samið var um 3% launahækkun en í kjölfarið hjaðnaði innlend verðbólga og varð reyndar neikvæð. Krónan var þá búið að styrkjast um 6,3% næstu sex mánuði á undan. Í janúar 2001 hækkuðu laun um 3%, stuttu seinna rauk innlend verðbólga af stað en þar er sama sagan og 2011 þ.e. gengið búið að veikjast og miklar sveiflur í olíuverði. Í júlí 2006 kom til 5,5% launabróunartrygging, næstu mánuði hjaðnaði innlend verðbólga og varð neikvæð. Meðal ástæðna má vera mikil lækkun í olíuverði sem og styrking krónunnar.

LAUNAHÆKKANIR OG AUKINN KAUPMÁTTUR

Helstu áherslur félagsmanna í kjaraviðræðum 2015 samkvæmt nýrri könnun.

Félagsmenn VR vilja í auknum mæli leggja áherslu á beinar launahækkanir í kjarasamningum, samkvæmt niðurstöðum könnunar sem gerð var um miðjan janúar. Þetta er önnur könnunin sem VR gerir meðal félagsmanna í aðdraganda þessara kjarasamninga, en sú fyrri var í formi umræðu á netinu og var gerð sl. haust. Kannanirnar sýna sömu afstöðu - launahækkun og aukinn kaupmáttur eru efst á forgangslista félagsmanna fyrir kjarasamningaviðræðunar. Fjallað var um niðurstöður könnunarinnar í haust í síðasta VR blaði.

Æ FLEIRI VILJA BEINAR LAUNAHÆKKANIR

Í könnuninni sagðist tæplega helmingur svarenda vilja leggja áherslu á beinar launahækkanir í næstu kjarasamningum og er það umtalsvert hærra hlutfall en síðustu ár. Árið 2010 vildi fjórðungur leggja áherslu á beinar launahækkanir og rúmur þriðjungur var þeirrar skoðunar árið 2013. Atvinnuöryggi var félagsmönnum ofar í huga á þessum árum, sem endurspeglar stöðuna á vinnumarkaði á þeim tíma.


Tæplega helmingur svarenda í könnuninni í ár, eða 44%, merkti við þann valkost að tryggja kaupmátt þegar spurt var um áherslur og er það því sem næst óbreytt frá könnunum síðustu ára. Aðrir þættir, s.s. áhersla á aukin réttindi í samningum og starfsumhverfið, fá minna fylgi.

MINNKANDI STUÐNINGUR VIÐ ÞJÓÐARSÁTT

Innan við helmingur svarenda í könnuninni, eða 46%, er hlynntur hugmyndinni um þjódarsátt aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda þar sem áhersla yrði lögð á lækun verðlags í stað launahækkana. Mikill munur er á afstöðunni til þjódarsáttar nú og í fyrri könnunum; árið 2010 voru tveir þriðju hlynntir þessari hugmynd og 63% árið 2013.


Þeim fjölgar umtalsvert milli árunna 2010 og 2015 sem merkja við valkostinn Hvorki hlynnt/ur né andvíg/ur, úr 11% í 27%.

HVAD AF EFTIRFARANDI VILTU AÐ SAMNINGANEFND VR LEGGI ÁHERSLU Á Í NÆSTU KJARASAMNINGUM?



*Vikmörk skarast milli tveggja efstu svarmöguleikanna 2015 og því ekki marktækur munur á þeim þetta árið. Þróunin í síðustu könnunum á fylgi við efsta valkostinn - beinar launahækkanir - er marktæk.

ERTU HLYNNT/UR EDA ANDVÍG/UR HUGMYNDINNI UM ÞJÓÐARSÁTT EDA HEILDARSÁTT Á MILLI STÉTTARFÉLAGA, ATVINNUREKENDA OG STJÓRNVALDA ÞAR SEM ÁHERSLA VERÐUR LÖGÐ Á LÆKKUN VERÐLAGS Í STAÐ LAUNAHÆKKANA?






HÆKKA Á LÆGSTU LAUNIN SÉRSTAKLEGA

Í könnuninni voru félagsmenn einnig spurðir hvernig þeir teldu best að tryggja kaupmátt og stöðugleika. Hér áttu þátttakendur í könnuninni að raða nokkrum valmöguleikum í mikilvægisröð, frá einum og upp í fimm, og var sérstök hækkun lægstu launa var oftast í efsta sætinu. Það er í samræmi við könnunina sem gerð var í október á síðasta ári og eldri kannanir þar sem spurt er um áherslur í kjarasamningum.

HVERSU MIKLA EÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ LEGGJA EIGI Á EFTIRFARANDI ÞÆTTI TIL AÐ AUKA KAUPMÁTT OG TRYGGJA STÖÐUGLEIKA?*




* Hér raða félagsmenn nokkrum valkostum í mikilvægisröð, þar sem hæsta einkunn er fimm en sú lægsta er 1.

SKATTAMÁL OG ÁUNNIN RÉTTINDI

Þegar spurt var um aðgerðir til að styrkja stöðu heimilanna settu flestir hærrí persónuafslátt og skattleysismörk í efstu sætin. Hér er enn og aftur svipuð niðurstaða og sjá má í könnun sem gerð var fyrir kjarasamningana árið 2013 og ljóst að félagsmenn VR telja brýna þörf á að draga úr skattbyrði heimilanna.

Í könnuninni voru félagsmenn einnig spurðir um tiltekin réttindamál og var niðurstaðan nokkuð afgerandi; þeir vilja að áunnin réttindi fylgi þeim milli atvinnurekenda. Þá vilja þeir einnig vinna að því að stytta vinnuvikuna. Þessar áherslur voru einnig efstar á blaði í könnuninni árið 2013.

KANNANIR VR Í AÐDRAGANDA KJARASAMNINGA

VR hefur gert tvær kannanir í aðdraganda kjarasamningaviðræðnanna þetta árið; fyrri könnunin var rýnikönnun í formi fjarumræðuborðs á netinu og var gerð í október 2014. Maskína sá um framkvæmd hennar. Seinni könnunin var gerð dagana 8.–15. janúar 2015 meðal 3.000 manna úrtaks úr félagaskrá. VR sá um framkvæmd hennar. Umfjöllunin í þessu blaði byggir á þeirri könnun en fjallað var um niðurstöður rýnihópakönnunarinnar í 4. töl. VR blaðsins á síðasta ári. Heildarsvörin í könnuninni í ár var 37% en minni í einstaka spurningum. Niðurstöður könnunarinnar í ár eru samanburðarhæfar við niðurstöður kannana í aðdraganda samninga árin 2010 og 2013. 

ÚR LÖGUM VR UM KOSNINGAR

20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra. Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða. Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum.

Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert.


Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur, einn eða fleiri, meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4. UM KJÖRSEÐLA OG RÖÐUN Á LISTA VIÐ KOSNINGU TIL STJÓRNAR:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

VIÐ KOSNINGU TIL TRÚNAÐARRÁÐS:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð. 

ALLSHERJARATKVÆÐA- GREIÐSLA Í VR 2015

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs stjórnar VR kjörtímabilið 2015–2017 hefst kl. 09.00 fimmtudaginn 5. mars 2015 og lýkur kl. 12.00 á hádegi fimmtudaginn 12. mars 2015. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

HVERJIR HAFA ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir fullgildir VR-félagar. Á kjörskrá eru einnig eldri félagsmenn (hættir atvinnuþátttöku vegna aldurs) sem greiddu eitthvert félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 á síðustu fimm árum áður en þeir urðu 67 ára.

BRÉF TIL ATKVÆÐISBÆRRA FÉLAGSMANNA

Allir kosningabærir félagsmenn fá sent bréf í pósti með upplýsingum um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er frá Mínum síðum á vef VR. Þeir sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa skráir þú þig inn á **Mínar síður** á heimasíðu VR með lykilorði þínu og smellir á hnappinn **Atkvæðaseðill**. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú hefur ekki lykilorð inn á Mínar síður getur þú sótt um lykilorð og það verður sent í heimabanka þinn eða á heimilisfang þitt eins og það er skráð í félagaskrá VR. Þú getur sótt um lykilorð á heimasíðu VR eða með því að hringja í þjónustuver félagsins í síma 510 1700. Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á bls. 14 þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

FRAMBJÓÐENDUR

Kosið er á milli 10 frambjóðenda til sjö sæta í stjórn. Kynning á frambjóðendum er hér í blaðinu og á vef félagsins, www.vr.is.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR VR ERU:

Birgir Már Guðmundsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Páll Örn Líndal
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Sigmundur Halldórsson

VOTING FOR THE POSITIONS OF BOARD MEMBERS

VR will hold a secret ballot to elect board members for VR. The voting will begin at 9.00 AM 5th March 2015 and will end at 12.00 noon on 12th March 2015.

WHO IS ENTITLED TO VOTE?

All VR members in good standing are entitled to vote. Also entitled to vote are senior members (retired) who paid some dues in their 67th year and paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67. All members entitled to vote will receive a letter detailing the voting process. Access to electronic ballot papers is via Mínar síður on the VR website (members' personal pages on the website). If you believe you are entitled to vote but do not have access to the ballot papers, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlunni 7, 103, Reykjavík or by e-mail to VR's election committee kjorstjorn@vr.is, before the end of voting.

HOW TO VOTE?

The voting is electronic via Mínar síður on the VR website. To access Mínar síður you need a password, which you can apply for on the VR website and will be sent as an online statement to your online bank under the header Lykilorð frá VR. Once you have logged on to **Mínar síður**, please choose the button **Ballot** on the front page and you will be directed to the ballot. Members are also welcome to cast their votes at the offices of VR in Reykjavík, Vestmanneyjar, Akranes and Egilsstaðir during the election. The votes will be counted as soon as voting ends.

CANDIDATES FOR SEVEN SEATS ON THE EXECUTIVE BOARD ARE, IN ALPHABETICAL ORDER:

Birgir Már Guðmundsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Páll Örn Líndal
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Sigmundur Halldórsson

For further information on the candidates, see p. 14 and the VR website www.vr.is, in Icelandic only.



Birgir Már Guðmundsson

Fæðingardagur og ár

4. janúar 1966

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

birgir66@gmail.com

Facebook

Birgir Már Guðmundsson



Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Fæðingardagur og ár

13. desember 1957

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

gudrunbh@simnet.is

gudrun@vordur.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Starfa sem verkefnastjóri í þróunar- og tæknideild hjá Sorpu, en þar sinni ég verkefnum tengdum vinnuvernd og öryggismálum. Þá hef ég m.a. starfað sem lögreglumaður og sem tjónafulltrúi hjá tryggingafélagi, en í því starfi sinni ég gagnaöflun tengdri vinnuslysum fyrir lögfræðinga félagsins. Er menntaður viðskiptafræðingur.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, varaformaður.

Trúnaðarmaður VR á mínum vinnustað síðan árið 2006.

Aðalmaður í stjórn VR.

Stjórnarmaður í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd sjóðsins.

Á sæti í framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs VR.

Formaður launanevndar VR.

HELSTU ÁHERSLUR

Að áfram verði unnið að heildarstefnumótun á vinnumarkaði sem byggir á norrænu fyrirmyndinni um sanngjarna skiptingu þjóðartekna. Norræna módelið svokallaða.

Að áfram verði unnið að því markmiði að lánmarkslaun taki mið af sanngjart reiknaðri lánmarksframfærslu. Því markmiði er hægt að ná í áföngum.

Vinnuvernd og öryggismál fái aukið vægi í kröfum okkar launamanna gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Virkt vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og stofnunum er hornsteinn forvarna gegn vinnuslysum og atvinnutengdum sjúkdómum eins og streitu og kulnun.

Verja og efla starfsemi VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs. Hjá VIRK hefur verið unnið mikilvægt starf sem skilað hefur samfélaginu miklum arði.

Jafnlaunastefnan. Halda áfram því mikilvæga brautryðjendastarfi að jafna laun kynjanna. Allir eiga rétt á sömu launum fyrir sömu vinnu.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Vörður Tryggingar, viðskiptaumsjón. Tryggingaskóli SÍT, Skrifstofubraut MK, Húsmæðraskóli Suðurlands Laugarvatni 1974-1975.

Starfaði hjá Landsbanka Íslands 1984-1987, SPRON frá 1987-1989. Var heimavinnandi frá 1989-1998 og sinni börnum okkar hjóna sem fæddust 1989 og 1992, sem var forgangsörðun og val okkar á fyrstu árum barnanna. Bjó í Danmörku frá 1994 til áramóta 1996-97 er eiginmaðurinn var í námi.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef verið í VR með hléum frá 1979 og virkur félagi samfellt frá 1998.

Ég hef verið í trúnaðarráði VR frá 2012 og sat þing ASÍ í október 2012 og 2014, einnig sat ég LIV þing 2013. Kosin í stjórn VR 2013.

HELSTU ÁHERSLUR

Undanfarin tvö ár hef ég setið í starfsmenntanefnd þar sem lögð hefur verið áhersla á unga fólk með Skóla lífsins. Einnig vil ég halda áfram að stuðla að því að hvetja félagsmenn okkar að nýta sér endurmenntunarsjóðinn í auknum mæli sér til framdráttar. Endurmenntun gefur góða möguleika á að þróa sig og þar leggur starfsmaðurinn sitt að mörkum til að vaxa í starfi. Sjálf fór ég þá leið eftir að hafa helgað mig börnum okkar hjóna í átta ár, til að afla mér viðbótarmenntunar áður en ég fór aftur á vinnumarkaðinn. Einnig hef ég setið í Sjúkrasjóði undanfarið ár. Sjúkrasjóður VR hefur verið sterkur og hafa félagsmenn okkar notið góðs af honum, og sýnt styrk VR gagnvart félagsmönnum sínum. Orlofsmál eru mér einnig hugleikin og þar hef ég setið sem varamaður í Orlofsnefnd. Ég býð mig fram því að mig langar að halda áfram að vinna að því fjölbreytta og góða félagsstarfi sem ég hef sinnt undanfarin tvö ár, og nýta þá reynslu sem ég hef aflað mér. VR byggist á þörfum félagsmanna og þarf að standa vörð um réttindi og kjör þeirra.

Kæri félagsmaður, ég vona að þú gefir þér tíma til að kynna þér áherslur félagsins okkar, þitt atkvæði skiptir máli.

Verði ég kosin aftur í stjórn VR mun ég áfram leggja mitt af mörkum og að vinna fyrir félagsmenn af heiðarleika.



Helga Ingólfssdóttir

Fæðingardagur og ár

13. desember 1961

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

helgai@hafnarfjordur.is

Facebook

Helga Ingólfssdóttir



Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Fæðingardagur og ár

19. maí 1974

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

kristjana74@gmail.com

Facebook

VR-framboð/254739921327697

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem gjaldkeri hjá Kjarnavörum. Ég rak eigið fyrirtæki um árabíl og hef góða reynslu af rekstri og stjórnun. Mitt fyrsta starf eftir skólagöngu var í Sparisjóði Hafnarfjarðar, þar sem ég starfaði í tæp 20 ár. Ég lauk verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands og rekstrar- og viðskiptanámi við Endurmenntun Háskóla Íslands og hef auk þess sótt fjölmörg námskeið í gegnum árin til að afla mér þekkingar í tengslum við þau verkefni sem ég hef verið að sinna.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef setið í stjórn VR síðastliðin tvö ár. Er fulltrúi stjórnar í orlofsnefnd og hef enn fremur tekið þátt í störfum kjaranefndar, nefnd um endurskoðun á starfsreglum stjórnar og húsnæðisnefnd. Ég hef um árabíl gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og var formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði frá árinu 2007 til 2010. Er núna kjörin bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og fulltrúi í fjölskylduráði og formaður Umhverfis- og framkvæmdaráðs. Ég hef einnig nýlega gengið til liðs við Gildið, félagsskap eldri skáta í Hafnarfirði, en ég var í skátastarfi sem barn og unglingur.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef óbilandi áhuga á að bæta mitt samfélag og mín grunngildi eru jöfnuður í viðum skilningi þess orðs. Ég vil leggja mitt af mörkum til að auka jöfnuð í samfélaginu og minnka launamun og forgangsmál er að hækka lægstu launataxtana en það er lykilatriði að auka kaupmátt félagsmanna VR. Stytting á vinnuviku og sveigjanleg starfslok með minnkandi starfshlutfalli eru málefni sem ég vil enn fremur vinna að. Öflug starfsmenntun og endurmenntun er mikilvæg en tryggja þarf að umbun í formi hærri launa fái stjórnir félagsmanna sem vilja bæta við sig þekkingu og auka hæfni sína í starfi. Ég vil stuðla að því að ungt fólk hafi valkosti um hvort það kys að kaupa eða leigja sér húsnæði og upplýsta umræðu um húsnæðismál og kosti og galla við mismunandi búsetuform. Ég vil standa vörð um áunnin réttindi í sjúkrasjóði og skoða jafnframt nýjar leiðir til þess að aðstoða félagsmenn í áföllum sem fylgja tekjuskertingu vegna sjúkdóma eða slysa. Ég vil efla orlofsjóð VR með áframhaldandi uppbyggingu á orlofssvæðum félagsins og enn fremur að bæta þjónustu orlofsjóðs með fjölbreyttum afsláttarmiðum sem höfða til fleiri hópa, til dæmis afsláttarmiðar fyrir hótél, útihátíðir eða tónlistarviðburði. Félagmenn í VR eiga að fá betri upplýsingar um félagið og réttindi sín og stöðug þróun þarf að vera í gangi varðandi þjónustu félagsins við ólíka hópa félagsmanna.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Hef verið sölufulltrúi í fyrirtækjasölu og móttöku A4/Egilsson ehf. í tæp 10 ár. Var við nám á skrifstofubraut I og II í Menntaskólanum í Kópavogi frá 2012-2014. Er með sveinspróf í hárgreiðslu frá Iðnskólanum í Reykjavík síðan 1994.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið trúnaðarmaður VR hjá A4/Egilsson ehf. síðan 2006. Sat í trúnaðarráði félagsins frá 2007-2009 og aftur 2010-2011. Ég sat í stjórn VR á kjörtímabilinu 2011-2013 og hef verið varamaður í stjórn síðustu tvö ár. Ég hef komið víða við á vinnumarkaðnum í gegnum árin. Ég var ekki nema 13 ára þegar ég fór út á land og vann í sjoppu og bensínstöð í sumarvinnu. Á unglingsárunum vann ég líka í frystihúsi, í saltfiski og skreið. Að sjálfstöðu prófaði ég líka unglingsvinnuna og var viðloðandi bensínstörfin í gegnum unglingsárin. Ég þurfti því miður að leggja skærin á hilluna allt of fljótt eftir útskrift en fór þá í sölumennsku, sem ég hef verið í meira og minna síðan 1998. Ég fór eitt ár til Bandaríkjanna sem au pair og lærði mikið af því að vera fjarri fjölskyldu og vinum og þurfa að standa á eigin fótum.

HELSTU ÁHERSLUR

Mér finnst ennþá svo gaman að fá að taka þátt í starfinu í VR og þess vegna býð ég mig fram aftur. Ég er ennþá að læra, enda hættir maður því aldrei, og hef líka mikið til málanna að leggja. Mér finnst skipta miklu máli að stjórnin sé sem blönduðust, bæði í aldri og störfum stjórnarmanna. Ég er sjálf í neðri þrepum launalistans og finnst mér það skipta máli að við sem þar erum séum líka í stjórn og ráðum, því að við höfum ekki sömu sýn á hlutina og þeir sem eru í hærri þrepum launastigans. Raddir allra hópa eiga að vera í stjórn svona stórs stéttarfélags því hagsmunir allra félagsmanna skipta máli. Ég er mikill jafnréttissinni og vil sjá sem flest fyrirtæki fá jafnlaunavottun. Jafnrétti er ekki bara á milli kynja heldur líka á milli tveggja einstaklinga af sama kyni í sama starfi. Ég hef verið svo heppin að fá að sitja í starfsmenntanefnd og fræðast þar og læra um alla þá möguleika sem í boði eru fyrir fólk sem vill bæta við sig þekkingu. Ég hef sjálf nýtt mér það að fara í raunfærnimat og í kjölfarið settjast á skólabeck í fjarkennslu og mennta mig. Það hefur líka verið sérstaklega gaman að fá að vera með í þróun á VR skóla lífsins, sem er svo nauðsynlegur fyrir yngsta fólkið okkar sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum. Ég vona að ég fái að starfa áfram að starfsmenntamálum því að þau skipta svo miklu máli og áhugi minn er mikill á þeim málum.



Ólafur Reimar Gunnarsson

Fæðingardagur og ár

27. september 1954

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

olafur.gunnarsson@is.ey.com
reimar@isl.is

Facebook

Ólafur Reimar Gunnarsson



Óskar Guðmundsson

Fæðingardagur og ár

23. september 1974

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

lagmarkslaun@gmail.com

Facebook

Óskar eftir sæti hjá VR

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 1976. Útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands (Cand. Oecon.) árið 1981. Hef verið duglegur að sækja ýmis námskeið og fyrirlestra á vegum Endurmenntunar HÍ og sótt námskeið sem tengjast störfum mínum. Starfa hjá Ernst & Young ehf. sem sérfræðingur á endurskoðunar sviði og hef starfað þar frá árinu 2002, þar áður starfaði ég hjá PWC ehf. og hef einnig verið skrifstofustjóri hjá fyrirtæki í veitinga- rekstri, hjá heildverslun og hjá fyrirtæki á sviði alhliða umhverfisspjónustu.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef setið í trúnaðarráði VR í nokkur ár og var kjörinn fyrsti varamaður í stjórn VR í fyrra og setið alla stjórnarfundi síðan og setið í nefndum. Ég hef verið fulltrúi á ASÍ þingum og einnig verið fulltrúi á þingi Landssambands ísl. verzlunarmanna. Hef verið virkur þátttakandi í starfi UMF Stjórnunar. Sat í stjórn knattspyrnudeildar í nokkur ár og var formaður deildarinnar árin 1991 og 1992. Starfaði í rekstrarnefnd Íþróttavalla Stjórnunar og í byggingarnefnd félagsins. Er félagi í Rauða krossi Íslands og var í stjórn Garðabæjardeildar Rauða kross Íslands frá stofnun deildarinnar árið 1993 og formaður deildarinnar árin 2006 og 2007. Ég var í stjórn Fjölsmiðjunnar, sem er verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 24 ára, sem flosnað hefur upp úr námi og ekki fótað sig á vinnumarkaði. Er í dag tengiliður stjórnar og starfsmanna Fjölsmiðjunnar. Er félagi í Rótarýklúbbnum Görðum.

HELSTU ÁHERSLUR

Kjaramálin eru mér ofarlega í huga. Verið að vinna að kröfugerð VR vegna komandi kjarasamninga, sem vonandi leiða til þess að kjör allra VR félaga batni og ekki síst þeirra sem lægst hafa launin. **Húsnæðismálin.** Það þarf að stuðla að því að ungu fólki verði gert kleift að koma sér upp öruggu húsnæði og því standi til boða fjölbreytt búsetuform. Staðan í þessum málum í dag er algerlega óásættanleg. **Starfsmenntun** þarf að efla og hefur verið unnið að því innan VR undanfarin ár og má í því sambandi benda á VR-Skóla lífsins. Ég hef komið að þeirri vinnu með setu í starfsmenntanefndinni. Starfsmenntun, endurmenntun og símenntun ættu að leiða til þessa að félagsmenn geti bætt kjör sín.

Kæri VR félagi, fyrir ári síðan sóttist ég eftir stuðningi þínum til setu í stjórn VR. Ég náði þá kjöri sem 1. varamaður og sem slíkur hef ég setið alla stjórnarfundi síðan. Ég hef lært margt á þessu ári og hef ákveðið að leita eftir stuðningi þínum aftur og stefni nú að því að ná inn sem aðalmaður, með þínu atkvæði gæti það tekist.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Fulltrúi í gámarekstri hjá Samskipum. Gagnfræðapróf auk um 80 eininga bók- og verknáms svo og ýmis námskeið um m.a. tilfinningagreind, heimspeki, tungumálanám og tölvuvinnslu.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef verið í VR síðan 2007. Trúnaðarmaður á vinnustað síðan 2009 og í trúnaðarráði VR frá 2010-2014. Hef setið landsfundi ASÍ fyrir hönd VR 2012 og 2014 og látið þar til mín taka. Alinn upp í lúðrasveit Mosfellssveitar frá unga aldri. Ég hef reynt það á eigin skinni að vera atvinnulaus sem og að starfa í láglaunastörfum bæði héraðs sem og erlendis og þekki því vel til bæði vinnumarkaðar og réttindabaráttu hér heima sem utan landsteinanna. Ég hef í frítíma mínum, undanfarin 14 ár, unnið leynt og ljóst að launa- og réttindamálum láglaunahópa og útlendinga. Aðstoða ég þá er til mín leita eftir fremsta megni.

HELSTU ÁHERSLUR

Lágmarkslaun í 300.000 (sbr. grunnviðmið framfærslu skv. Velferðarráðuneyti 2011).

Sjúkrasjóður brúli bilið milli tekna og fæðingarorlofs.

Nýtingu rýmis launahækkana til handa lægra launuðum (flatar krónutöluhækkanir).

Hagnýtar húsnæðislausnir til að lækka verð og leigu húsnæðis.

Einfalda útreikninga á mannamáli.

Ég tel að hinn almenni launamaður eigi auðveldlega að geta hækkað verulega í launum án þess að breyta nema að litlu leyti verðlagi/verðbólgu. Rými markaðarins eftir verulegar gengisstyrkingar og viðvarandi hagvöxt ættu nú að skila sér að fullu til launafólks og að ekki verði skilið eftir rými til launaskriðs. Excel-kynslóðin á ekki að láta SA eða aðra segja sér fyrir verkum hvernig reikna skuli rými til launahækkana, raunþrýsting á verðhækkunir, verðbólgu eða annað heldur eigum við að mæta að samningaborði og í kynningar með fastmótaðar út- og uppreiknaðar kröfur og ekki gefa neitt eftir.

Tími breytinga er kominn, valdið er okkar.



Páll Örn Líndal

Fæðingardagur og ár

22. maí 1967

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

pall.lindal@gmail.com



Ragnar Þór Ingólfsson

Fæðingardagur og ár

17. maí 1973

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang/vefsíð

ragnar@orninn.is

www.dv.is/blogg/ragnar-thor-ingolfsson/

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Starfa sem viðskiptastjóri hjá N1. Hef lokið hæfnismati fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða hjá FME, 2013. Endurmenntun Háskóla Ísland, 2013, námskeið í greiningu ársreikninga og námskeið í lestri ársreikninga. Endurmenntun Háskóla Íslands, 2011-2012, Verkefnastjórnun og leiðtogahæfni. Útskrifaðist með Alþjóðlega D vottun í verkefnastjórnun. Háskólinn í Reykjavík, CIM (markaðsfræðinám), 2001-2002. Endurmenntun Háskóla Íslands, markaðs- og útflutningsfræði, 1995-1996. Iðnskólinn í Reykjavík, brautskráður bifvélavirki, 1984-1988. Hef ég sótt fjölda stjórnunar-, sölu- og markaðsnámskeiða.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Sat í stjórn Samtaka auglýsenda (SAU) 2004 til 2005. Formaður frá 2005 til 2007. Sat í stjórn starfsmannafélags Ólíufélagsins 2004 til 2007. Formaður starfsmannafélags N1 frá 2007 til dagsins í dag. Stjórnarmaður VR frá 2013. Sit í framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR frá 2014. Sat í Starfsmenntanefnd 2013-2014. Er í stjórn LÍV frá 2011. Er aðalmaður í lífeyris- og veikinda-réttarnefnd ASÍ, varamaður í jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ og varamaður í umhverfisnefnd ASÍ. Sat í trúnaðarráði VR 2010 til 2011. Hef verið stjórnarmaður Lífeyrissjóða verslunarmanna frá 2013.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til endurkjörs til stjórnar VR. Ég tel mig geta haldið áfram að þjóna ykkur vel og að nýta reynslu mína af félagsmálum og trúnaðarstörfum í þágu VR félagsmanna. Fram undan eru tímar þar sem við þurfum að vinna með samstilltu átaki að okkar hagsmunamálum og styðja um leið við skynsamlega verðmætasköpun og fjölgun starfa í samfélaginu. Rödd VR gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Okkur ber skylda til að brýna þessa rödd til að veita aðhald, stuðla að endurreisn og fjölga atvinnutækifærum og möguleikum til starfs- og endurmenntunar. Grunnildin virðing, réttlæti og traust eiga líka erindi inn í þjóðfélagsmæðuna. Þau móta veginn til bjartari framtíðar og nýrrar hagsældar. Velgengni er ekki tilviljun heldur árangur af markvissu starfi. Það er staðfastur ásetningur minn að halda áfram að skapa VR ný tækifæri til að eflast í góðu samstarfi við félagsmenn. Við verðum líka að leitast við að sjá tækifæri í breytingum í samfélaginu, aðlagast þeim fljótt og vel. Mikilvægasti hluti þessarar framþróunar snýst um mannlega þáttinn. Að láta ekki viðhorf og vinnubrögð sem svara ekki kröfum tímans festa okkur í fortíðinni, heldur þróast með framtíðarhagsmunum VR að leiðarljósi. Ég býð fram krafta mína og vill taka þátt í að gera VR öflugt félag í ykkar þágu. Þitt atkvæði skiptir mig máli.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Örninn, sölustjóri. Menntun: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og fjöldi námskeiða tengdra vörustýringu og sölustjórnun.

REYNSLA AF FÉLAGSMÁLUM

Sat í nemendaráði Fjölbrautaskólans í Breiðholti, tók þátt í stofnun Hagsmunasamtaka heimilanna, hef átt sæti í stjórn VR síðastliðin 6 ár.

HELSTU ÁHERSLUR

Helstu áherslur mínar eru að atvinnurekendur fari úr stjórnnum lífeyrissjóðanna og að heildarendurskoðun og hagræðing fari fram í kerfinu. Einnig að verkalýðshreyfingin beiti sér í ríkari mæli fyrir aukinni neytendavernd og berjist gegn verðtryggingunni og vaxtaokri fjármálastofnana. Ég mun beita mér með sama áberandi hætti og ég hef gert síðan ég tók sæti í stjórn VR árið 2009 og mun ekki slá slöku við. Hreyfingin á í miklum ímyndarvanda sem hún virðist lítið skilja í hvernig á að leysa. Kröfur okkar verða að vera í samræmi við vilja félagsmanna í stað úreltrar hugmyndafræði ASÍ um hápólitískar leiðir að öllum lausnum. Við þurfum að stappa stálinu í fólkið okkar í stað þess að ala á uppgjöf. Við þurfum að sýna miklu meiri hörku og dug og sýna viðsejendum okkar að meðalmennska verður ekki liðin og vera óhrædd að nota öll okkar vopn í því sambandi. Þannig hrífum við fólkið okkar með.



Rannveig Sigurðardóttir

Fæðingardagur og ár

28. júní 1953

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

rannveig@lag.is

Facebook

Rannveig Sigurðardóttir



Sigmundur Halldórsson

Fæðingardagur og ár

17. desember 1966

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

sigmundur.vr@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég vann hjá tryggingafélagi á tjónasviði í 19 ár, vinn nú hjá lögfræðistofu, vann hjá endurskoðendum, við bókhald, sem setjari, í fiskvinnslu, sem lambaljós móðir og var þerna til sjós.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég sat í stjórn VR árin 1997-2009 og hef nú setið í stjórn frá 2013. Ég var formaður framkvæmdastjórnar Fræðslusjóðs VR, í stjórn Sjúkrasjóðs VR, laga- og stefnumótunarnefnd, hef verið formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður laganevndar VR, setið í kjaranefnd félagsins. Ég vann, ásamt almennum félagsmönnum VR, að gerð siða- og verklagsreglna fyrir VR. Ég hef setið í trúnaðarráði og var trúnaðarmaður á vinnustað. Ég sat í miðstjórn ASÍ og kom að endurskoðun slysatrygginga launamanna í kjarasamningum 2008 og 2011 og var talsmaður ASÍ við samningaborðið vegna þess kafla.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég býð mig fram til starfa í stjórn VR af áhuga og þekkingu. Það vantaði fulltrúa kvenna á mínum aldri í stjórnina, konu sem er samnefnari þeirra félaga sem ekki eru langskólagengnir heldur hafa viðtæka menntun úr skóla lífsins. Ég er talsmaður lýðræðis og dreifingar verkefna. Ég vil gæta vel að ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum. Kynna þarf því réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði með þátttöku í Skóla lífsins hjá VR. Ég geri þá kröfu að jafnrétti kynjanna sé virt í VR. Kynbundinn launamunur er freklegt mannréttindabrot sem berjast verður gegn með öllum ráðum. Ég vil að VR reki fjölskylduvæna stefnu. Afgreiðslufólk í verslunum er í VR, vinnutími þess samræmist ekki fjölskylduvænni stefnu. Ég vil hlúa sérstaklega að afgreiðslufólki í stórmörkuðunum og kjörum þess. Ég vil skapa umræðu í þjóðfélaginu um styttri vinnutíma afgreiðslufólks og huga að helgarlokunum. Ég vil kynna réttindi og skyldur og sögu verkalyðsmála. Vil taka upp gömul og góð verkalyðsgildi í bland við nýja straua. Ég vil vinna að málefnum elstu félagsmannanna sem eru að nálgast starfslok – sveigjanleg starfslok. Allir eiga að hafa val um hvenær þeir vilja fara af vinnumarkaðnum. Vil vinna að sérstakri stefnu fyrir þá sem eru 55+. Ég vil setja á stofn vinnuhópa um málefni er varða félagsmenn og virkja trúnaðarráð til meiri þátttöku í starfi fyrir VR. Ég vil vinna að frekari mótun á veikinda- og slysafla kjarasamninganna, þar liggur mín þekking. Bæta slysatryggingar launamanna. Öryggismál launamanna þarf að endurskoða.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa hjá Símanum sem vefstjóri og hóf þar störf í febrúar 2014. Áður hef ég starfað hjá fjölmiðlafyrirtækinum DV og 365, tölvuleikjafyrirtækinu CCP og ferðaþjónustufyrirtækinu Icelandair í verkefnum tengdum vefmálum og markaðssókn á netinu. Ég hef lokið MA-námi í alþjóðasamskiptum frá Nottingham University í Bretlandi og BS í fjölmiðlun frá Virginia Commonwealth University í Bandaríkjunum auk margvíslegra námskeiða tengdra störfum mínum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR nánast alla mína starfsævi. Ég var kjörinn í trúnaðarráð VR árið 2012. Gegndi jafnframt stöðu trúnaðarmanns hjá 365 frá 2012-2013. Auk starfa minna fyrir VR hef ég tekið virkan þátt í starfi SVEF - Samtaka vefiðnaðarins sem stjórnarmaður frá árinu 2006. Samtök vefiðnaðarins (SVEF) eru grasrótarsamtök þeirra er starfa að vefmálum á Íslandi og hafa þau það að markmiði að miðla þekkingu og efla fagleg vinnubrögð í greininni. Auk þess hef ég setið í stjórn Samfylkingarfélagsins í Hafnarfirði, verið í vefhópi SKÝ og er stoltur af því að styðja við bakið á starfi Amnesty International á Íslandi.

HELSTU ÁHERSLUR

Áherslur mínar snúa að upplýsingagjöf og tengslamyndun VR við ungt fólk og þá sem ekki endilega stunda hefðbundin verslunarstörf. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir VR að vera í góðu sambandi við þann stóra hóp innan VR sem ekki sinnir hefðbundnum verslunarstörfum og starfar í hinum skapandi stéttum og hátækniíðnaði. Þetta er oft á tíðum ungt fólk sem ekki hefur glögga þekkingu á því mikilvæga hlutverki sem VR hefur í að tryggja réttindi þess. Það er ekki síður mikilvægt að VR standi þétt við bakið á þeim félagsmönnum sem ekki eru fæddir og uppaldir á Íslandi. Þessi hópur hefur sannarlega hvað mesta þörf fyrir að VR standi vörð um framkvæmd kjarasamninga. Ég hef því mikinn áhuga á því að VR standi í fremstu röð hvað varðar upplýsingagjöf til þessara hópa. Endurmenntun skiptir þennan hóp gríðarlega miklu máli og viðurkenning á menntun og reynslu sem afað hefur verið utan Íslands.

LISTI STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS 2015 - 2017

Samkvæmt lögum VR gerir Uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð. Í 20. gr. laga VR, um kosningu formanns, stjórnar og trúnaðarráðs, segir:

„Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum. Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.“

Framboðsfrestur til að skila inn framboðslistum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2015 - 2017 rann út á hádegi þann 6. febrúar 2015. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR. Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í heild sinni hér að neðan.

NAFN

Andri Þór Kristinsson
Anna Þórðardóttir Bachmann
Ásta Rut Jónasdóttir
Birgitta Ragnarsdóttir
Björgvin Ingason
Björn Axel Jónsson
Elva Hrönn Hjartardóttir
Eyrún Ingadóttir
Gísli Kristján Gunnsteinsson
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Guðmundur J Jónsson
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir
Gunnar Böðvarsson
Halldóra M Steinarsdóttir
Hjördís Garðarsdóttir
Hjördís Jónsdóttir
Ingimar Þorsteinsson
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jón Guðmundur Björgvinsson
Jón Hrafn Guðjónsson
Júlíana Pálsdóttir
Kristinn Örn Jóhannesson
Nína Kristbjörg Hjaltadóttir
Petrína Ragna Pétursdóttir
Ragnar Orri Benediktsson
Sesselja Jónsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurbjörg Þorlákssdóttir
Soffía Óladóttir
Stefán Árni Stefánsson
Stefán Viðar Egilsson
Steinar Viktorsson
Steinþór Ásgeirsson
Sveinbjörn F. Pétursson
Valva Árnadóttir
Þorbjörg Halla Harðardóttir
Þorlákur Jóhannsson
Þorsteinn Þórólffsson
Þóra Guðbjörg Hallsdóttir
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þröstur Ríkarðsson

VINNUSTADUR

PricewaterhouseCoopers ehf.
Hreint ehf.
Actavis Group PTC ehf.
Bolasmíðjan ehf.
Hópbílar Kynnisferða ehf.
Hagkaup
Actavis Group PTC ehf.
Lögfræðingafélag Íslands
Rúmfatalagerinn ehf.
Hagkaup
Borgun hf.
Icepharma hf.
Höldur ehf.
Norvik hf
Neyðarlínan ehf.
Samband Íslenskra námsmanna erlendis
Marel Iceland ehf.
Bændasamtök Íslands
Nýherji hf.
Flúgger ehf.
Sameignarfélag Ölfusborga
Primera Air Scandin
Penninn ehf.
Okkar bakarí ehf.
Ríkisútvarpið ohf.
Forlagið ehf.
Miklartorg hf.
Eignaumsjón hf
Egilsson ehf.
Advania hf.
Tengi ehf
Grillbúðin ehf.
Kortabjónustan hf.
Ormsson ehf.
Penninn ehf.
Bílaumboðið Askja ehf
Guðmundur Arason ehf
Húsasmiðjan ehf.
Eir, hjúkrunarheimili
DHL Express Iceland ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.

ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

BESTU ÁRIN!

Námskeið fyrir þá sem eru að huga að starfslokum eða eru nýlega hættir að vinna.

Umsjón með námskeiðinu hefur Ásgeir Jónsson ásamt gestafyrirlesurum.

Starfslokanámskeið sem VR býður félagsmönnum á aldrinum 63-72 ára upp á hefur slegið í gegn. Námskeiðið tekur á ýmsum þáttum, t.d. heilsu og næringu, réttindamálum, hugarfari og sjálfsmyndinni. Helsti ávinningurinn er að þátttakendur líti björtum augum á framtíðina og öðlist meiri kjark til að takast á við lífið, aukið sjálfstraust og lífshamingja og aukin hæfni til að takast á við mótlæti.

Námskeiðið er í heild 9 tímar og er haldið þrjá eftirmiðdaga í húsnæði VR á jarðhæð í Húsi verslunarinnar.

Næsta námskeið verður dagana 13., 14. og 15. apríl kl. 13.00-16.00

ERTU AÐ FARA AÐ SEMJA UM LAUNIN?

VR býður félagsmönnum sínum á 3 klst. námskeið til undirbúnings fyrir launaviðtalið.

Fyrirlesari er Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands.

Farið verður yfir þá þætti sem skapa virði starfsmanna. Rætt verður um starfsþróun, atvinnuhæfni og starfsþróunaráætlanir. Þátttakendur leggja mat á eigið vinnuframlag, meta styrkleika og veikleika sína og koma auga á þau tækifæri sem eru til staðar. Þátttakendur rýna einnig í eigin menntun, þekkingu, færni, hæfni, reynslu, árangur og frammistöðu í starfi. Farið verður í undirbúning launaviðtalsins og kenndar mismunandi aðferðir í samningatækni sem nýttast í launaviðtalinu.

Næsta námskeið verður haldið fimmtudaginn 12. mars kl. 18.00-21.00

HVAR OG HVENÆR?

Námskeiðið er haldið í húsakynnum VR í Krínglunni 7 í Reykjavík og er ókeypis fyrir fullgilda félagsmenn VR.

Skráning er á www.vr.is í þjónustuveri VR í síma 510 1700 eða með því að senda tölvupóst til vr@vr.is.

AUKIN EFTIRSPURN EFTIR FRÆÐSLUSTJÓRA AÐ LÁNI

Á þessu ári hafa nú þegar fjögur fyrirtæki fengið Fræðslustjóra að láni. Þau eru Icelandair, Höldur, Icelandair Hotel og Umslag. Markmið verkefnisins Fræðslustjóri að láni er að nota rýnihópavinnu með starfsfólki til þess að skilgreina fræðsluþarfir og skrifa fræðsluáætlun fyrirtækisins. Verkefnið byggist á að lána út mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og gerir greiningu á þörfum fyrirtækisins í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Út frá greiningunni er unnin fræðslu- og símenntunaráætlun sem leggur grunn að markvissri fræðslu starfsmanna.

ÞETTA HAFJA STJÓRNENDUR AÐ SEGJA SEM HAFJA FARIÐ Í GEGNUM VERKEFNIÐ:

„Fyrirtækið er í dag með skýra og góða fræðsluáætlun. Sú áætlun er í stöðugri mótun en með þessu verkefni fengum við góðan grunn til að byggja á.“

– Linda Björk Pálsdóttir, Nordic Visitor

„Gott að fá innsýn annarra og auka hendur, auk þess sem starfsfólk er e.t.v. minna feimið við að tjá sig við ókunnuga um fræðsluþarfir.“

– Ragnhildur Ragnarsdóttir, TM

„Sú leið var farin að bjóða upp á mánaðarlega fræðslu og hópefli fyrir starfsfólk. Þegar fræðsla er komin skriflega á blað þá verður þetta svo auðvelt“

– Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís

HVERNIG ER FERLIÐ?



Nánari upplýsingar um Fræðslustjóra að láni veitir Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir solveig@starfsmennt.is

SPURT & SVARAÐ

ÉG FÉKK LÍKAMSRÆKTARSTYRK ÚR VR VARASJÓÐI, ÞARF ÉG AÐ BORGNA SKATT AF HONUM?

Styrkur t.d. vegna líkamsræktar, endurhæfingar og þess háttar, að hámarki kr. 55.000 á ári (m.v. árið 2015) er undanþeginn staðgreiðsluskyldu. En athugið að á skattframtalinu þarf að gefa upp kostnaðarliðinn á móti styrknum.

HÁDEGISFYRIRLESTRAR VOR 2015

VR býður fullgildum félagsmönnum á skemmtilega og fróðlega hádegisfyrirlestra. Allir fyrirlestrar eru haldnir í sal VR á jarðhæð í Húsi verslunarinnar. Í boði eru léttar veitingar. Félagsmenn utan höfuðborgarsvæðisins geta horft á fyrirlestrana gegnum fjarfundarbúnað á skrifstofum VR á Egilstöðum, Akranesi og í Vestmannaeyjum.



12. MARS 2015 Kl. 12.00 -13.00

FRÆDSLUFUNDUR UM SKATTSKIL EINSTAKLINGA

Fyrirlesari: Guðrún Björg Bragadóttir – KPMG

Guðrún Björg Bragadóttir frá KPMG fer yfir það helsta sem hafa þarf í huga við gerð skattframtals einstaklinga. Fjallað er um nýjungar í framtalinu, helstu frádráttarliði og vaxta- og barnabætur. Mánudaginn 16. mars og þriðjudaginn 17. mars milli kl. 15.00 og 19.00 verður boðið upp á aðstoð við skattframtalið. Hver tími er 15 mínútur.



9. APRÍL 2015 Kl. 12.00 -13.00

EINELTI Á VINNUSTAÐ

Fyrirlesari: Brynja Bragadóttir – vinnusálfræðingur

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um einelti á vinnustað, greinarmunur gerður á hugtakinu einelti og öðrum s.s. ágreiningi o.fl. Talað verður um áhrif eineltis á einstaklinga og vinnustaði, skýrt frá orsökum eineltis og leiðum til að fyrirbyggja og taka á einelti á vinnustað. Þá verður fjallað um hlutverk stjórnenda, trúnaðarmanna og annarra starfsmanna í aðgerðum gegn einelti. Í lok fyrirlestrarins verður hvatt til umræðu um efnið.



19. MARS 2015 Kl. 12.00-13.00

SAMSKIPTAFÆRNI - MARGFALDAÐU MÖGULEIKA ÞÍNA

Fyrirlesari: Sigríður Arnardóttir.

Léttur og hvetjandi fyrirlestur með fjölmiðlakonunni Sirrý, Sigríði Arnardóttur, höfundi bókanna „Laðaðu til þín það góða“ og „Örugg tjáning - betri samskipti“. Hagnýt ráð, happdrættisglæðningar og góð samvera í hádeginu. Sirrý er félags- og fjölmiðlafræðingur frá HÍ, með framhaldsmenntun frá Saga Communication fjölmiðlasamsteypunni í Bandaríkjunum.



16. APRÍL 2015 Kl. 12.00 -13.00

TÖLVUPÓSTUR – BESTA TÍMASTJÓRNUNIN

Fyrirlesari: Gunnar Jónatansson – framkvæmdastjóri IBT á Íslandi

Í fyrirlestrinum er fjallað um eitt stærsta vandamál skrifstofufólks sem er áreiti frá tölvupósti. Gefnar eru mjög gagnlegar leiðbeiningar um það hvernig hægt er að gera notkun tölvupósts skilvirkari og að tileinka sér vinnubrögð sem hjálpa til við að skilja á milli afgreiðslu og verkefnavinnu. Veitt eru góð ráð til þess að bæta tímanýtingu á orkuríkari og jákvæðari hátt.

Nánari upplýsingar um hádegisfyrirlestra VR eru á www.vr.is



FRAMSÆKIN LÖGGJÖF EN ÞÓ GÖLLUÐ

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR, FORMAÐUR KVENRÉTTINDAFÉLAGS ÍSLANDS

Íslenska fæðingarorlofslöggjöfin er líklega sú framsæknasta í heimi. Orlofið er ekki það lengsta og orlofsgreiðslur eru ekki þær hæstu. En uppbygging orlofsins og hugmyndafræðin á bak við hana ber því glöggvitni að markmiðið með löggjöfinni er að jafna stöðu kynjanna. Hvort foreldri um sig hefur rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi, og þrjú mánuðir til viðbótar eru til sameiginlegrar ráðstöfunar. Alltaf er þó hægt að gera betur. Lágt þak á fæðingarorlofsgreiðslum og lengd orlofsins gerir að verkum að löggjöfin er afar gölluð þrátt fyrir framsækna hugmyndafræði.

JAFNT FÆÐINGARORLOF EIN UNDIRSTAÐA KYNJAJAFNRÉTTIS

Fæðingarorlof feðra er veigamikill liður í því að Ísland, og raunar Norðurlandarákin öll, teljast samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum þau lönd sem hvað lengst hafa náð í jafnréttismálum. Áhrifa fæðingarorlofs feðra gætir bæði út á við og inn á við.

Áhrifin út á við felast í því að feður eru mun líklegri til að taka sér fæðingarorlof. Samanburðarrannsóknir á fæðingarorlofinu á Norðurlöndum gefa

til kynna að því jafnari sem fæðingarorlofslengd karla og kvenna er, þeim mun jafnari sé staða ungra kvenna og karla á vinnumarkaði með tilliti til þess hversu líklegt sé að þau hverfi úr störfum sínum um lengri eða skemmri tíma vegna barnsfæðinga. Þetta ætti að draga úr launamun kynja.

Áhrifin inn á við felast í því að feður sem hafa farið í fæðingarorlof til að annast börn sín eru líklegri til að taka þátt í ábyrgð á börnum til jafns við mæður heldur en þeir feður sem lítið eða ekkert fæðingarorlof hafa tekið. Þetta skilar sér áfram í meira jafnræði gagnvart störfum og skyldum á heimilinu. Þessi áhrifaþáttur eykur lífsgæði bæði foreldra og barna. Þessi áhrif skila sér svo aftur út á við því að jafnari ábyrgð á heimilishaldi og barnauppeldi eykur svigrúm kvenna úti á vinnumarkaðinum, og þar með ætti sú staða einnig að hafa áhrif á launabilið milli kynjanna.

ÞAK FÆÐINGARORLOFSGREIÐSLNA VERÐUR AÐ HÆKKA

Með fæðingarorlofslögunum frá 2000 varð bylting varðandi fæðingarorlofstöku feðra, en fram að því höfðu mæður átt sjálfstæðan rétt til þriggja mánaða og foreldranir sameiginlegan rétt til annarra þriggja mánaða. Þrátt fyrir að feður hefðu rétt á að taka hluta eða alla af þremur mánuðum fæðingarorlofsins var raunin sú að örfáir tóku sér fæðingarorlof. Á árunum 1993–1998 fengu aðeins milli 8 og 17 feður á ári greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fæðingarorlofs!

Þrátt fyrir efasemdaraddir um áhuga karlmannna á að taka fæðingarorlof sóttu yfir 80% feðra um orlof strax á fyrsta ári. Frá árinu 2007 hafa um 90% íslenskra feðra nýtt sér rétt sinn til tóku fæðingarorlofs.

Hins vegar taka feður mun styttra orlof en mæður. Fimmtungur feðra sem tekur fæðingarorlof fullnýtir ekki sína þrjá mánuði og einungis fimmtungur feðra nýtir eitthvað af sameiginlegum orlofsrétti beggja foreldra. Til þess að breyting geti orðið á þessu og taka fæðingarorlofs verði jafnari milli foreldra verður að hækka þakið á fæðingarorlofsgreiðslum.

Fram til ársins 2004 var ekkert þak á greiðslum í fæðingarorlofi, þ.e. foreldrar fengu hlutfall tekna sinna óháð því hversu háar þær voru. Árið 2004 var fyrst sett þak á greiðslurnar en það var svo hátt að einungis örlítið brot feðra rakst á það. Þakið var lækkað verulega í kjölfar efnahagshrunsins 2008, og árið 2010 rakst tæpur helmingur þeirra feðra sem tók fæðingarorlof á það. Áhrif þessa eru að feður taka nú styttra orlof en áður, þ.e. lengd orlofs feðra er innan við helmingur af orlofi mæðra, en nálgaðist 60% þegar mest var árið 2008.

Ljóst er að á meðan þakið á fæðingarorlofsgreiðslum er þetta lágt er það ekki raunverulegur valkostur fyrir feður með lágur tekjur og í millitekjuhópum að taka fæðingarorlof í þrjá mánuði eða lengur. Tekjur þeirra þurfa að vera mjög háar til að veruleg launaskerðing í þrjá til sex mánuði valdi ekki heimilinu miklum búsiþjum. Hækkun á þaki fæðingarorlofsgreiðslna er því eitt lyklatríði þess að fæðingarorlofslögin nái að þjóna þeim tilgangi að jafna stöðu kynjanna.

FÆÐUR TAKA LENGRA ORLOF ÞEGAR ÞEIR HAFNA RÉTT Á LENGRA ORLOFI!

Peningar skipta máli en þeir skipta ekki öllu máli. Norrænar rannsóknir hafa sýnt að margir þættir hafa áhrif á hve langt fæðingarorlof feður taka, og samspil þessara þátta er flókið. 2011 gaf Norræna ráðherranefndin út greinasafnið Parental leave, childcare and gender equality in the Nordic Countries þar sem rannsóknir á fæðingarorlofi á Norðurlöndunum voru teknar saman. Í greinasafninu kom skýrt fram að upphæð fæðingarorlofsgreiðslna skiptir ekki öllu máli fyrir lengd orlofsins sem er tekið — og jafnvel ekki höfuðmáli.

Margvíslegar aðrar ástæður hafa áhrif á lengd fæðingarorlofs sem feður taka. Aldur föður hefur einnig áhrif, menntun, hvort hann starfar í opinbera geiranum eða einkageiranum, hvort aðrir feður á vinnustað hans hafa tekið fæðingarorlof og þá hve lengi, stærð vinnustaðarins, starfsöryggi, yfirvinna á vinnustað, sveigjanleiki fæðingarorlofsins, laun móður eða hins foreldrisins, o.s.frv.

Eftir að hafa tekið saman mismunandi breytur sem hafa áhrif á lengd fæðingarorlofs feðra á Norðurlöndunum er kannski bara ein breyta sem hægt er að fullyrða að skipti höfuðmáli. Því meiri rétt sem feður hafa á fæðingarorlofi, þeim mun lengra fæðingarorlof taka þeir!



Íslenskir feður taka sér langt fæðingarorlof í samanburði við aðra norræna feður, því að réttur þeirra til fæðingarorlofs er lengstur. Sænskir feður taka einnig langt fæðingarorlof í samanburði við nágranna sína, því að þrátt fyrir að fæðingarorlofið sem bundið er feðrum sé aðeins tveir mánuðir í Svíþjóð er sameiginlegt orlof foreldranna svo langt þar í landi (60 vikur) að feður eru líklegri til að taka hluta þess en ef sameiginlega fæðingarorlofið væri styttra.

FÆÐINGARORLOFIÐ VERÐUR AÐ LENGJA

Stærsti gallinn í útfærslu fæðingarorlofslaganna á Íslandi er lengd orlofsins. Á Íslandi er fæðingarorlof níu mánuðir ef það er fullnýtt. Þetta er stysta fæðingarorlofið á Norðurlöndum.

Vorið 2013 voru samþykkt á Alþingi lög þar sem fæðingarorlof var lengt úr 9 mánuðum í 12, og átti skiptingin að vera sú að að fimm mánuðir væru bundnir við hvort foreldrið en tveir mánuðir væru sameiginlegir til skiptanna. Einnig var þak fæðingarorlofsgreiðslna hækkað úr 300.000 kr. í 350.000 kr., eftir mikinn niðurskurð árána fyrst eftir hrun.

Skemmst er frá því að segja að ríkisstjórnaskipti urðu það árið, og í desembermánuði 2013 felldi sú ríkisstjórn sem nú situr úr gildi þessi lög um lengingu fæðingarorlofs, þó að hækkun á hámarksupphæð greiðslna væri staðfest.

Enn er því fæðingarorlof á Íslandi til mikilla muna styttra en annars staðar á Norðurlöndum. Það er ekki síst baráttumál frá sjónarhorni velferðar barna að þessi áður fyrirhugaða lenging gangi eftir. Öll börn ættu að eiga þess kost að vera í umsjá foreldra sinna þar til skólaganga á fyrsta skólastiginu, leikskólanum, hefst. [vís.](#)



SVANHILDUR SKÚLADÓTTIR

VERKEFNASTJÓRI HJÁ NOVA

HVAÐA ÞJÓNUSTU HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HJÁ VR?

Ég hef reynt að mæta á fyrirlestra og námskeið hjá VR, hvort sem það er fyrir almenna félagsmenn eða trúnaðarmenn. Ég hef líka nýtt mér varasjóðinn og starfsmenntasjóðinn. Síðan reyni ég auðvitað að leigja mér sumarbústað öðru hvoru.

TÓKSTU ÞÁTT Í KOSNINGUM UM SÍÐASTA KJARASAMNING VR?

Já. Maður á alltaf að taka þátt í kosningum.

FYLGIST ÞÚ MEÐ UMRÆÐUNNI UM NÆSTU KJARASAMNINGA?

Já, ég fylgist alltaf með en hef ekki sett mig inn í kröfurnar í smáatriðum.

ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN FYLGIST MEÐ ÞRÓUN MÁLA Í KJARAVIÐRÆÐUM?

Já, auðvitað á fólk að fylgjast með, það kemur svo að því að það þarf að kjósa um kjarasamninginn og þá er betra að vita eitthvað um það sem er í gangi. Þetta er líka góð æfing fyrir ungt fólk sem er kannski að fara í sitt fyrsta launaviðtal að setja sig inn í málin og fylgjast með kjaraviðræðum.

KÖNNUN UM FYRIRTÆKI ÁRSINS OG LAUNAKÖNNUN ER Í GANGI, ÆTLAR ÞÚ EKKI AÐ SVARA?

Að sjálfsgöðu svara ég. Það er einmitt lögð mikil áhersla á það hér innanhúss að sem flestir svari.

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN SVARI ÞESSARI KÖNNUN?

Við vitum það að þeim hefur fækkað mjög mikið sem eru eingöngu á taxtalaunum og því er nauðsynlegt að fá greinargóðar upplýsingar um þau laun sem greidd eru. Þessar upplýsingar eru einnig mikilvægar fyrir fyrirtækin, þau geta fengið heimiklar upplýsingar út úr könnuninni líka.

TELUR ÞÚ AÐ FÉLAGSMENN VR GETI NÝTT SÉR NIÐURSTÖÐUR ÚR LAUNAKÖNNUN VR OG ÞÁ HVERNIG?

Ég vísa nú bara í svarið hér á undan um það að VR félagar setji sig inn í kjaramálin. Einnig er mjög gott að vera með einhverjar launahugmyndir þegar kemur að því að sækja um vinnu.

HVERT ER KYNJAHLUTAFALLIÐ Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ?

Það er u.þ.b. 42% konur og 58% karlar.

HVAÐ ER SKEMMTILEGAST Í VINNUNNI?

Fjölbreytnin, fólkið og fjörið. Nova er náttúrulega ekki stærsti skemmtistaður í heimi fyrir ekki neitt.



LINDA DÖGG HLÖÐVERSDÓTTIR

FAGSTJÓRI BIRTINGA HJÁ RATSJÁ EHF. / JÓNSSON & LEMACKS

HVAÐA ÞJÓNUSTU HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HJÁ VR?

Enga, en ég mun nýta mér varasjóðinn í eitthvað sniðugt á árinu.

TÓKSTU ÞÁTT Í KOSNINGUM UM SÍÐASTA KJARASAMNING VR?

Nei.

FYLGIST ÞÚ MEÐ UMRÆÐUNNI UM NÆSTU KJARASAMNINGA?

Já, svona með öðru.

ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN FYLGIST MEÐ ÞRÓUN MÁLA Í KJARAVIÐRÆÐUM?

Að sjálfsgöðu.

KÖNNUN UM FYRIRTÆKI ÁRSINS OG LAUNAKÖNNUN ER Í GANGI, ÆTLAR ÞÚ EKKI AÐ SVARA?

Jú, ég er búin að því.

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN SVARI ÞESSARI KÖNNUN?

Þetta er góður mælikvarði bæði fyrir fyrirtækin og einstaklinga til þess að sjá hvar þau standa í samanburði við aðra þegar kemur að starfsstaðnum í heildina, launum og jafnrétti.

TELUR ÞÚ AÐ FÉLAGSMENN VR GETI NÝTT SÉR NIÐURSTÖÐUR ÚR LAUNAKÖNNUN VR OG ÞÁ HVERNIG?

Gæti t.d. nýst sem rökstuðningur við beiðni um launahækkun.

HVERT ER KYNJAHLUTAFALLIÐ Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ?

Tæp 40% stelpur og rúm 60% strákar.

HVAÐ ER SKEMMTILEGAST Í VINNUNNI?

Fjölbreytileiki starfsins.



ÆVAR KARLSSON

DEILDARSTJÓRI FASTEIGNAUMSJÓNAR HJÁ SÓLAR EHF.

HVAÐA ÞJÓNUSTU HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HJÁ VR?

Ég hef sótt þó nokkuð af hádegisfyrirlestrum um gagnleg og skemmtileg málefni, hef nokkuð oft nýtt mér sumarhús félagsins, nýti mér gjafakort flugfélaganna til afsláttar á flugfermiðum, hef keypt afsláttarkort í Hvalfjarðargöngin og hef leitað til félagsins sem trúnaðarmaður þegar hefur vantað upplýsingar um kjaramál og alltaf fær maður góða þjónustu.

TÓKSTU ÞÁTT Í KOSNINGUM UM SÍÐASTA KJARASAMNING VR?

Já, ég gerði það.

FYLGIST ÞÚ MEÐ UMRÆÐUNNI UM NÆSTU KJARASAMNINGA?

Hef fylgst vel með störfum félagsins núna í kringum kjarasamningana enda viðkvæmt ástand á launamarkaði núna.

ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN FYLGIST MEÐ ÞRÓUN MÁLA Í KJARAVIÐRÆÐUM?

Engin spurning, það er mjög mikilvægt að fólk fylgist með og reyni að hafa áhrif á kjarabætur í þessu árferði.

KÖNNUN UM FYRIRTÆKI ÁRSINS OG LAUNAKÖNNUN ER Í GANGI, ÆTLAR ÞÚ EKKI AÐ SVARA?

Ég er búinn að taka þátt í launakönnuninni í ár.

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN SVARI ÞESSARI KÖNNUN?

Hvet alla til að svara könnuninni svo þessi gagnabanki stækki og gefi betri mynd af kaupum og kjörum á öllum starfssviðum og verði til þess að minnka launamun hjá starfsfólki sem sinnir sömu störfum.

TELUR ÞÚ AÐ FÉLAGSMENN VR GETI NÝTT SÉR NIÐURSTÖÐUR ÚR LAUNAKÖNNUN VR OG ÞÁ HVERNIG?

Það er gott að nýta sér þessi gögn til eigin afnota þegar samið er um kaup og kjör í launaviðtali á núverandi vinnustað eða þegar verið er að semja á nýjum vinnustað.

HVERT ER KYNJAHLUTAFALLIÐ Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ?

Við erum 19 á skrifstofunni og af þeim erum við 6 karlmenn og í fyrirtækinu í heild, sem eru 172 starfsmenn, eru 48 karlmenn.

HVAÐ ER SKEMMTILEGAST Í VINNUNNI?

Það er ótrúlega skemmtilegt þegar ánægðir viðskiptavinir gefa góð meðmæli og hrósa starfsfólki, þá veit maður að það er verið að gera hlutina rétt.



ÞÓREY BJÖRG EINARSDÓTTIR

VINNUR VIÐ BÓKHULD HJÁ TENGI

HVAÐA ÞJÓNUSTU HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HJÁ VR?

Ég hef nýtt mér upplýsingaþjónustu um réttindi mín og skyldur. Og eins hef ég verið dugleg að skoða heimasíðuna til að leita mér upplýsinga um eitt og annað. Einnig hef ég nýtt mér íþróttastyrkinn og orlofshús.

TÓKSTU ÞÁTT Í KOSNINGUM UM SÍÐASTA KJARASAMNING VR?

Nei, það gerði ég nú ekki.

FYLGIST ÞÚ MEÐ UMRÆÐUNNI UM NÆSTU KJARASAMNINGA?

Verð að viðurkenna að ég fylgdist ekkert með þeirri umræðu.

ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN FYLGIST MEÐ ÞRÓUN MÁLA Í KJARAVIÐRÆÐUM?

Já, það finnst mér, þó ég hafi nú ekki lagt mig eftir því sjálf.

KÖNNUN UM FYRIRTÆKI ÁRSINS OG LAUNAKÖNNUN ER Í GANGI, ÆTLAR ÞÚ EKKI AÐ SVARA?

Já, eins og alltaf.

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN SVARI ÞESSARI KÖNNUN?

Svo hún verði gagnlegt töl launamanna til að sjá hvar þeir standa launalega miðað við aðra félagsmenn.

TELUR ÞÚ AÐ FÉLAGSMENN VR GETI NÝTT SÉR NIÐURSTÖÐUR ÚR LAUNAKÖNNUN VR OG ÞÁ HVERNIG?

Já, tvímælalaust. Könnunin gefur skýra mynd af þróun launa á þínu starfssviði og getur verið gott hjálpartæki í launaviðtölum.

HVERT ER KYNJAHLUTAFALLIÐ Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ?

25 karlar og 4 konur.

HVAÐ ER SKEMMTILEGAST Í VINNUNNI?

Þegar maður hefur gaman af að vinna með tölur er erfitt að taka eitthvað eitt út sem skemmtilegast. Starfið er nokkuð fjölbreytt en ég hef nú lúmskt gaman af afstemmingum og að dila við smá flækjur. Svo er bara gott að vinna í Tengi og vinnufélagarnir gera daginn skemmtilegan.



ÁGÚSTA HARÐARDÓTTIR

STARFAR VIÐ INNHEIMTU HJÁ JOHAN RÖNNING

HVAÐA ÞJÓNUSTU HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HJÁ VR?

Núna síðast nýtti ég mér starfsmenntasjóðinn hjá VR. Á síðastliðnu ári nýtti ég varasjóðinn í líkamsræktarstyrk auk þess sem ég leigði mér gæluþrábústaðinn á Flúðum. Það er alveg frábært framtak að bjóða gæluþráeigendum upp á þann valkost að geta tekið dýrin með sér í sumarfrí. Ég hef einnig nýtt mér afsláttarmiða flugfélaganna, það munar alveg um þennan afslátt ef maður er á annað borð að fara til útlanda.

TÓKSTU ÞÁTT Í KOSNINGUM UM SÍÐASTA KJARASAMNING VR?

Auðvitað!

FYLGIST ÞÚ MEÐ UMRÆÐUNNI UM NÆSTU KJARASAMNINGA?

Að sjálfsgöðu, bæði því sem VR leggur fram sem og önnur stéttarfélög. Gott að vera með puttann á púlsinum í því sem er að gerast.

ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN FYLGIST MEÐ ÞRÓUN MÁLA Í KJARAVIÐRÆÐUM?

Já, mér finnst það og kemur mér satt að segja á óvart hvað áhuginn virðist vera lítilll því þetta eru jú einu sinni launin okkar sem verið er að semja um og maður myndi halda að þau skiptu fólki miklu máli.

KÖNNUN UM FYRIRTÆKI ÁRSINS OG LAUNAKÖNNUN ER Í GANGI, ÆTLAR ÞÚ EKKI AÐ SVARA?

Svara alltaf.

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN SVARI ÞESSARI KÖNNUN?

Þetta er tækifæri fyrir okkur til að bera saman fyrirtæki á almennum vinnumarkaði, t.d. við atvinnuleit. Könnunin er einnig tækifæri fyrir atvinnurekendur til að skoða það sem betur má fara hjá sér og kippa því í liðinn.

TELUR ÞÚ AÐ FÉLAGSMENN VR GETI NÝTT SÉR NIÐURSTÖÐUR ÚR LAUNAKÖNNUN VR OG ÞÁ HVERNIG?

Persónulega nýti ég launakönnunina til að athuga hvar ég stend miðað við aðra félagsmenn í sambærilegu starfi. Finnst frábært að hafa einhverja mælistiku á það sem er að gerast í launamálum á almennum vinnumarkaði.

HVERT ER KYNJAHLUTAFALLIÐ Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ?

Hlutfallið er 16% knár konur á móti 84% krúttlegum karlpening.

HVAÐ ER SKEMMTILEGAST Í VINNUNNI?

Hressandi kaffistofumræður eru alveg gulls ígildi, sérstaklega ef þú nærð öllum á svæðinu á flug.



HÖRÐUR BIRGISSON

VÖRUSTJÓRI HJÁ BETWARE

HVAÐA ÞJÓNUSTU HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HJÁ VR?

Ég hef nýtt mér varasjóðinn, sumarþustaðina, orlofsmiða hjá Icelandair, miða í Hvalfjarðargöngin, Mínar síður á VR.is og námskeið á vegum VR.

TÓKSTU ÞÁTT Í KOSNINGUM UM SÍÐASTA KJARASAMNING VR?

Já, ég tók þátt.

FYLGIST ÞÚ MEÐ UMRÆÐUNNI UM NÆSTU KJARASAMNINGA?

Já, ég fylgist vel með þeirri umræðu.

ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN FYLGIST MEÐ ÞRÓUN MÁLA Í KJARAVIÐRÆÐUM?

Já, algerlega, þarna er verið að leggja á ráðin um starfskjör og réttindi launamanna, sem kemur manni mjög mikið við.

KÖNNUN UM FYRIRTÆKI ÁRSINS OG LAUNAKÖNNUN ER Í GANGI, ÆTLAR ÞÚ EKKI AÐ SVARA?

Jú, auðvitað.

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ FÉLAGSMENN SVARI ÞESSARI KÖNNUN?

Þessi könnun er mikilvæg til að setja mælikvarða á hvernig fyrirtæki eru að standa sig. Gefur vísbendingar um hvar þau geta bætt sig og hvernig það gengur frá ári til árs. Þetta er einnig mjög góð vísbending um hvar maður ætti að sækja um vinnu og hvar ekki.

TELUR ÞÚ AÐ FÉLAGSMENN VR GETI NÝTT SÉR NIÐURSTÖÐUR ÚR LAUNAKÖNNUN VR OG ÞÁ HVERNIG?

Já, þetta er nauðsynlegt verkfæri þegar maður er að undirbúa sig fyrir árlegt launaviðtal.

HVERT ER KYNJAHLUTAFALLIÐ Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ?

Þegar fyrirtækið byrjaði um aldamótin voru karlmenn í stórum meirihluta. Á undanförunum árum hefur þessi þróun verið í áttina að auknum hlut kvenna. Núna er þetta held ég að nálgast helming. Sem dæmi komu í einni ráðningarlothu á síðasta ári níu konur og einn karl.

HVAÐ ER SKEMMTILEGAST Í VINNUNNI?

Að vinna í hópi að krefjandi og spennandi verkefnum til að fá notendur til að eyða meiri peningum í Lottó og aðra peningaleiki.



VR - SKÓLI LÍFSINS

VR - Skóli lífsins fer mjög vel af stað og hafa nú þegar 235 ungmenni á aldrinum 16-24 ára lokið náminu. Þessa dagana eru um 150 ungmenni skráð í netnámið sjálf og næsta skref þeirra að því loknu er að skrá sig í verklegan hluta með Dale Carnegie þjálfara.

VR - Skóli lífsins var settur á laggirnar haustið 2014. Fyrirtæki á landinu öllu hafa tekið þessu samfélagsverkefni mjög vel og lagt sitt af mörkum svo enn betur takist til. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa boðið starfsfólki sínu á aldrinum 16-24 ára þátttöku í VR - Skóla lífsins og enn önnur hafa nú þegar sett verkefnið í fræðsluáætlun sína og/eða nýliðafræðslu. Þátttaka í VR - Skóla lífsins er óháð stéttarfélagasáðild og eru öll ungmenni velkomin.

Framhaldsskólar landsins hafa líka tekið verkefninu fagnandi og býðst þeim að nýta VR - Skóla lífsins í lífsleiknikennslu og/eða vinnustaðanámi þar sem verklegi hlutinn fer fram í úmsjón kennarans innan veggja skólans. Nú þegar hafa þrjár framhaldsskólar ákveðið að bjóða nemendum sínum upp á þetta nám. Það eru Fjölbrautaskólinn í Ármúla, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og Verslunarskóli Íslands, með samtals um 320 nemendur. Þetta er ánægjuleg viðbót við þann fjölda ungmenna sem þegar hefur sótt VR - Skóla lífsins.

Stéttarfélag á landinu hafa einnig sýnt samstöðu í ferlinu og buðu m.a. FVSA og Eining lőja á Akureyri sínum ungu félagsmönnum upp á verklega hlutann í heimabyggð þar sem tæplega 30 ungmenni mættu og luku þátttöku með bros á vör.

Viðbrögð unga fólksins við VR - Skóla lífsins eru jákvæð og hika þau ekki við að tjá skoðanir sínar í skriflegu mati sem unnið er eftir verklega hlutann með Dale Carnegie þjálfara. Hér að neðan má m.a. sjá svör nokkurra þeirra um hvað þau telja að muni nýtast þeim best og hvað þeim finnst standa upp úr eftir námskeiðið:

„Ótrúlega margt sem mun nýtast og hlutir sem maður var kannski ekkert að þæla í eða vissi ekki lærði maður. Á líklega eftir að nýta mér stéttarfélagið meira, vissi ekki að það gæti hjálpað og gert svona mikið fyrir mann, hef aldrei nýtt mér það en mun klárlega gera það eftir þessa fræðslu.“

„Launaseðillinn, því þar lærði ég ýmislegt tengt mínum réttindum sem launþegi. Verklegi hlutinn, því þar koma fram mannlegir þættir sem er mjög mikilvægt fyrir mig að dýpka mig í...“


„Myndböndin voru skemmtileg og maður nennti að horfa á þau. Dale Carnegie þjálfarinn talaði líka skemmtilega til okkar og það var gaman að hlusta á hann.“

„Launaseðillinn, hef aldrei þælt í honum. Stéttarfélag og samningar, hef aldrei vitað um réttindin mín. En núna er ég komin með þetta allt á hreint þökk sé ykkur.“

„Að fá hugmyndir um hvernig ég gæti aukið sjálfstraust mitt sem gerir mig að betri starfsmanni.“

„Spurningarnar sem þarf að hafa í huga í atvinnuviðtalinu t.d. Annars fannst mér bara mjög gott að vita allt sem kom fram í þessu námskeiði.“

„Mér fannst þetta frábært námskeið og er mjög ánægð að hafa fengið að fara á það. Þetta var mjög fræðandi og áhugavert. Það er ekkert eitt sem stendur upp úr því það er mikið sem ég lærði og skil miklu betur.“

Það er ljóst að VR - Skóli lífsins er orðinn hluti af vinnumarkaðinum þar sem upplýsingum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði er komið á framfæri við yngstu starfsmennina á nýstárlegan og skemmtilegan máta. 



NÚMER 1 - ATVINNULEIT

HVAR ÁTTU AÐ BYRJA ATVINNULEITINA?

Hvar viltu vinna? Hvar liggja möguleikar þínir? Hvar nýttist starfsreynsla þín og menntun? Með því að hafa þetta til hliðsjónar við atvinnuleitina er líklegra að þú fái vinnu þar sem hæfileikar þínir nýtast og að þér líði vel.



NÚMER 2 - UMSÓKN

LÁTTU FERILSKRÁ OG KYNNINGARBRÉF FYLGJA UMSÓKN

Þegar þú sækir um vinnu er ekki víst að vinnuveitandinn viti nokkuð um þig. Umsóknin, ferilskráin og kynningarbréfið eru þitt tækifæri til að sýna honum/henni að þú sért rétta manneskjan í starfið.



NÚMER 3 - STARFSVIÐTAL

ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ HAFNA Á HREINU Í STARFSVIÐTALI

Í starfsviðtalinu reynir vinnuveitandinn að komast að því hvort það sé góð hugmynd að ráða þig í vinnu. Undirbúðu þig vel og passaðu að þú sért örugglega að senda réttu skilaboðin.



NÚMER 4 - RÁÐNING

AÐ BYRJA Í NÝRRI VINNU

Vonandi er tekið vel á móti þér í nýju vinnunni. En ertu búin/n að skila inn reikningsnúmeri og skattkorti? Og veistu hvenær þú átt að vinna, hversu mikið og hvað þú átt að fá í laun?



NÚMER 5 - STÉTTARFÉLAG OG SAMNINGAR

STÉTTARFÉLAGIÐ VERNDAR HAGSMUNI ÞÍNA

Ertu búin/n að skrifa undir ráðningarsamning? Færðu borgað í samræmi við kjarasamninga? Hvert áttu að leita ef þú heldur að það sé verið að svindla á þér?



NÚMER 6 - STARFSLÝSING

HVAÐ ÁTTU EIGINLEGA AÐ GERA Í VINNUNNI?

Það er krefjandi að byrja í nýrri vinnu, sérstaklega ef þú veist ekkert hvað þú átt að gera. Hver eru þín helstu verkefni? Hvernig virkar allt? Hvenær máttu fara í mat og kaffi? Vertu óhrædd/ur við að spyrja spurninga.



NÚMER 7 - SKYLDUR STARFSMANNA

VEIKINDADAGAR OG HVERNIG MAÐUR HEGÐAR SÉR Í VINNUNNI

Þegar maður er í vinnu er maður að selja vinnuveitanda tíma sinn. Og þá getur maður ekki látið bara hvernig sem er. Er það til dæmis í lagi að þykjast vera veikur þegar maður þarf frí?



NÚMER 8 - UPPSÖGN

ER BÚIÐ AÐ REKA ÞIG EÐA NENNIRÐU ÞESSU EKKI LENGUR?

Þú mátt alveg segja upp. En þá þarftu að skila inn formlegu uppsagnarbréfi og kannski þarftu að vinna uppsagnarfrest. Það sama á við um vinnuveitanda þinn. Hann má ekki segja þér upp hvenær eða hvernig sem honum/henni dettur í hug.



NÚMER 9 - VINNUTÍMI

HVENÆR ERTU AÐ VINNA OG HVAÐ ÁTTU AÐ FÁ BORGAD?

Hvað áttu að fá borgað fyrir að vinna á kvöldin og um helgar? En á rauðum dögum? En á stórhátíðum? Hvað á maður að vinna mikið í hverjum mánuði? En ef maður vinnur meira en það?



NÚMER 10 - SKYLDUR YFIRMANNS

ER YFIRMAÐURINN EKKI ÖRUGGLEGA GÓÐUR VIÐ ÞIG?

Hvernig líður þér í vinnunni? Er vinnuaðstaðan eins og hún á að vera? Veistu hvenær þú átt að vinna? Er vinnuplanið skýrt? Er komið rétt fram við þig? Hvernig er einelti skilgreint? Hvað er kynferðisleg áreitni?



NÚMER 11 - LAUNASEÐILLINN

LAUNIN EIGA AÐ KOMA Í UPPHAFI HVERS MÁNAÐAR

Það á ekki að vera neinn leyndardómur hvað stendur á launaseðlinum. Lærðu að reikna út launin þín, gerðu þér grein fyrir hvað er dregið frá í skatta og önnur gjöld og vertu viss um þú fáið rétt útborgað í hverjum mánuði.



NÚMER 12 - KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

AF HVERJU FÁ KONUR LÆGRI LAUN EN KARLAR FYRIR SÖMU VINNU?

Þó að það standi skýrt í lögnum að það megi ekki mismuna fólki er óútskýrður munur á launum karla og kvenna. Er ekki bara hægt að laga það? Hvað getur þú gert?



NÚMER 13 - ÁBYRGÐ

ÞEGAR MAÐUR FINNUR AÐ MANNI ER TREYST EYKST SJÁLFSVIRÐINGIN

Þegar maður hefur tileinkað sér starf og verður góður í því er eðlilegt að manni sé treyst fyrir meiri ábyrgð. Er ekki eðlilegt að launin þróist í samræmi við aukna reynslu? Hvernig verður maður góður stjórnandi?



NÚMER 14 - VERKLEGI HLUTINN

NÚ ÞARFTU AÐ KÍKJA Í HEIMSÓKN!

Netið er frábært en sumt er ekki hægt að vita án þess að vera á staðnum og hitta fólk. Komdu í heimsókn, fáðu pizzu, hittu frábæra leiðbeinendur og spurðu spurninga. Verklegi hlutinn er eitt skipti í tvo klukkutíma í Húsi verslunarinnar (rétt hjá Kringlunni).

„AÐ FJÖRGA OG GLÆÐA LIVET“ - VR UM ALDAMÓTIN 1900

ÁRNI LEÓSSON, FORSTÖÐUMAÐUR ÞRÓUNARSVIÐS VR

VR blaðið á sér langa sögu rétt eins og félagið sjálf. Því var í upphafi gefið nafnið „Smári“ og var það allt handskrifað! Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar eins og nærri má geta, en í gamla VR blaðinu, Smára, var ort um stofnfund VR í veitingahúsinu Hermes við Lækjargötu, hinn 27. janúar árið 1891, m.a. á þessum nótum:

*Ljós í gluggum löngum skein í Lækjargötu,
inni í hlýju „Hermes“ ræddi
hópur manns og kleinur snæddi.*

*Hér vil ég koma félag á fót að fjörga og glæða,
livet i denne lille bærinn,
sem ligger saa pænt við Atlandssærin.*

Nokkur aðdragandi var að stofnun VR, eða Verzlunarmannafélags Reykjavíkur eins og það hét lengst af. Elsta heimild um verslun í Reykjavík er frá árinu 1521, en hún var sett upp af þýskum kaupmönnum. Fljótlega upp úr aldamótunum 1600 taka svo Danir yfir alla verslun á landinu er einokunartímabilið hefst. Á því tímabili voru búðir á Íslandi aðeins opnar yfir hásumarið, þar sem danskir kaupmenn treystu sér ekki til vetursetu á landinu. Borgarastétt fór svo að verða til upp úr aldamótunum 1800, og árið 1803 var stofnaður s.k. Reykjavíkurklúbbur, sem var spila- og skemmtiklúbbur karla og gekkst einnig fyrir styrktarstarfi og jóladans-

leikjum barna. Það var svo árið 1850 sem fyrimenn í Reykjavík stofnuðu klúbbinn Bræðrafélagið, en rekstur þess gekk illa og næst heyrum við af kaupmönnum og verslunarstjórum sem stofna félagið Handelsforeningen árið 1866. Eins og með aðurnefnda klúbba var þetta fyrst og fremst skemmtiklúbbur en félagið stofnaði þó innan árs sérstakan styrktarsjóð verslunarmanna, sem ætlað var að styrkja félagsmenn sem gátu ekki stundað vinnu sökum sjúkdóma. Þar er því komin rötin að þeim góða Sjúkrasjóði VR sem við félagsmenn njótum enn í dag.

Árið 1881 er svo stofnaður enn nýr Reykjavíkurklúbbur og auk þess fljótlega tvö „dansfélög“ verslunarmanna, félagin Balletten og Friðþjófur, en árið 1879 hafði einnig verið stofnað félagið lðunn, sem var sérstakt söngfélag verslunarmanna.

Það er því ljóst að um árið 1881 eru kraftar verslunarmanna dreifðir í hin ýmsu félög og svo styrktarsjóðinn góða. Þá kemur til sögunnar Þorlákur Ó. Johnson kaupmaður, sem var aðalhvatamaður þess að Verzlunarmannafélag Reykjavíkur er stofnað árið 1891, en ákvörðun um það var tekin á aðalfundi styrktarsjóðs verslunarmanna það árið. Stofnendur þess voru 33, allir karlmenn. Tilgangurinn var sá að efla samheldni og nánari kynni verslunarmanna með samkomuhaldi en jafnframt að gæta hagsmuna félagsmanna. Öllum sem unnu við verslun

Virðing
Réttlæti

VR

Nokkrir punktar úr sögu félagsins

Á langri sögu VR hefur margt gerst og félagið gengið í gegnum margvíslegar breytingar í takt við tíðarandann.



● **1891**
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stofnað á Kaffihúsinu Hermes, Lækjargötu 4, 27. janúar

● **1894**
Frídagur verslunarmanna haldinn hátíðlegur 13. september, fyrsti vitir að sumartíni



● **1900**
Frjá Lausta Hansen - fyrsta konan sem gengur í VR 3. nóvember. Breyta þurftu lögum félagsins, sem ekki gerbu ráð fyrir að konur væru í félaginu

● **1905**
VR og Kaupmannafélagið stofna Verzlunarskóla Íslands

● **1904**
Skjólið nefnd um skólamálið



● **1913**
Merktur, launþegafélag verslunar- og vöðskjalafróks í Reykjavík stofnað. Lagt niður 1934.



● **1922**
Héðbyggingarsjóður stofnaður

● **1929**
Tjarnargata 6-8 keypt

Formenn VR



eða voru forstöðumenn verslunar var heimilt að ganga í félagið. Þó var það ekkert sjálfgefið því leynileg atkvæðagreiðsla var haldin um hvern þann er sótti um inngöngu!


Það er óhætt að segja að Verslunarmannafélag Reykjavíkur hafi verið sannkallaður karlklúbbur fyrstu árin. Félagsmenn máttu þó bjóða með sér kvenfólki á skemmtisamkomur félagsins, en á aðalfundi félagsins árið 1892 hafði einnig verið samþykkt að félagar mættu „hafa með sér kvenfólk öðru hvoru, t.d. þegar fyrirlestrar eru haldnir“. Og árið 1895 var samþykkt sú lagabreyting að félagsmenn mættu taka eiginkonur sínar með sér á almenna fundi en heimildir segja að það hafi lítið verið nýtt fyrst um sinn.

Þá kemur til sögunnar frú Laura Hansen, sem var ekkja Johannesar Hansens kaupmanns sem hafði látist fertugur að aldri árið 1899. Þau höfðu rekið saman verslun að Austurstræti 3 en Johannes maður hennar hafði áður verið verslunarstjóri hjá Thomsen kaupmanni. Frú Laura sætti sig ekki við að þurfa að standa utan félags að eiginmanni sínum látnum og sótti hún því um inngöngu í félagið um haustið árið 1900 enda þótt slíkt væri í raun ekki heimilt samkvæmt lögum félagsins.

Á félagsfundum þann 3. nóvember árið 1900 var svo umsókn hennar í félagið samþykkt eftir miklar umræður. Var um það rætt á fundinum að það þyrfti þá að klára lagabreytingavinnu sem hafin hafði verið þannig að réttur kvenna til að ganga í Verzlunarmannafélag Reykjavíkur yrði staðfestur í lögum og ótvíæður. Var það svo gert og sú breyting gerð ári seinna, á félagsfundum þann 2. febrúar árið 1901. Það er því stórmerkilegt að frú Hansen hafi náð með festu og af ákveðni að fá félagsaðild sína samþykka ári áður en slíkt var í raun heimilt samkvæmt lögum félagsins. Það er líka skemmtilegt frá því að segja að hundradasti félaginn sem gekk í félagið árið 1904 var einmitt líka kona, fröken Ragnheiður Hall, en þá voru fyrir í félaginu fimm aðrar konur.








Verslunarmannafélag Reykjavíkur varð strax nokkuð fyrirferðarmikill félagskapur í lífi Reykvikinga. Dansleikir og jólatrésskemmtanir félagsins voru mjög kærkomin tilbreyting um aldamótin 1900 því skemmtanalið var þá mjög fábreytt. Á félagsfundum var svo einnig farið í samkvæmisleiki. Þá stofnaði félagið einnig bókasafn fyrir félagsmenn og máttu félagar fá lánaða eina bók í einu, sem varð að skila á næsta félagsfundum. Fáir vita að mjög litlu mátti muna að félagið stofnaði sína eigin fimleikadeild og róðrardeild, en hætt var við það því að verð á róðrarbátum frá Danmörku þótti óheyrilega hátt! Leikfimiæfingum félagsmanna var einnig frestað og á þar eflaust stóran þátt að vinnudagur verslunarmanna var langur og bauð ekki upp á mörg tækifæri til íþróttaiðkunar. Félagið stóð þó fyrir vinsælum útiskemmtunum og bar þar hæst skemmtun á frádegi verslunarmanna, en tildrög hans voru þau að félagsmenn veltu því fyrir sér árið 1894 að fara í skemmtiferð með gufubátinum Elínu um sumarið. Það tókst ekki en í staðin var ákveðið að gefa verslunarmönnum frí fimmtudaginn 13. september sama ár og halda hátíð þar sem gengið yrði undir fánum og söng frá Lækjartorgi og að Ártúnum. Þessi frídagur og hátíðarhöld festust svo í sessi eftir það. Hvernig Verzlunarmannafélag

Reykjavíkur breyttist svo smátt og smátt í hagsmunasamtök launafólks undir miðbik 20. aldar er svo önnur saga. Grunnurinn að því var lagður er 70 félagar úr Verzlunarmannafélaginu Merkúr (1913–1934) gengu til liðs við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, en Merkúr var fyrst og fremst stéttarfélag í nútíma skilningi. Það var svo loks þann 28. febrúar árið 1955 að VR varð að fullu stéttarfélag launþega. [v](#)



1. Saumastofa Thomsens magasín um 1907
2. Fyrsta VR blaðið hét Smári og kom út 1922
3. Smári var handskrifað
4. Frídagur verslunarmanna haldinn hátíðlegur 13. september 1894.

KROSSGÁTAN

				Frístund kross- gátur (c)	MATAR- LÁTS	SKRUM	SK.ST. SJUK- DOMS	ÞUNNUM ÍS		SK.ST. ÍÞRÓTTA- FÉLAGS	SORT Í SPILUM	SEM EYÐIR SAM- SKONAR	SKÁLD	HRESS- INGAR- DRYKK- UR	V/ENGIR	
				ÁLMU					RÁPA							
				HVÍLDIR					EKKI ÞESSAR- AR REIÐA AF	1						
				KVAÐ		ÚR HÓFI FRERI			SK.ST. D/EMIS KAPÓLSK ATHÖFN				BYLGJA OKUR- VERÐ			
				GORM							VERA MINNUG					
		ÚTTEKT Á NÖTU	ENDI	SVELG		ÞEGAR	REYR	HLJÓD- RITA VERÐUR				NOKKRIR NÆRI				
DUFTI				4	ÁSTAND			AFKV/EMID NORDUR AFRIKUBÚA		6				FRAM- SELJA	SAM- SETNING LJÓSS	
DVALIÐ					SKÓFLA SKRAF				BASLI MÉÐ KLAKA				HAND- BOR BÓK- STAFINN			
RÓM- VERSK TALA	FÁT AMBÁTT				GYÐING- UR FLÍK							ÆTTINGI HÚÐ- ÆXLI				
BRAUK				LOKIÐ ELFURIN		HNJÓÐS TORGA						SPIL TRYGG				
PAPÝR- US- BÁTUR		GUÐIR EYKTA- MARKI				SK.ST. SÖGU- PROFS UPPHÆKK- UNAR			BÁG- RÆKAR KÁSSA							
Í HÚSI					HYLKI DÝR- ANNA				HRIKT HÓTA			3	KUSK ÓSÖBNI			
SÉR- ISLENSK- UR STAFUR	OFN FISKUR				SK.ST. SKÓLA GERA HOLU		HRÆÐ- AST TRÉNU			RUM- SJÓR HVASS- VIÐRI						
UTAN			5	ÖGN- VEKJ- ANDI ÁGJARN						7		RYK Í SÓLSKINI RENNSLI		SNÍKILL	MJÖG	
PRÍL					ELDS- NEYTI SK.ST. BORGAR								SKEINNAR MJÓLKUR NES- ODDANNA			
FÆÐI		TUNGU- MÁL GRÁÐA							ÍLÁT MÉÐ STUTI NÓGU							
TÖLU- TÁKN	HREINSA RUGGA					HAF		MJÓLK- UR- AFURÐ		BÓKSTAF MÁL M			BORÐI TIL AD SAUMA MÉÐ			
PLÖNT- UNA		8			HRIFINN HROSS- HÚÐ									SUKK	HREYF- ING	
SIGLDUR						FUGLAR	2					KRIKI				
	EINDA					LETRUN						EIN- LÆGNI				



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „Fagnar“

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta blaði er **Haraldur Ágúst Bjarnason**. Haraldur er 64 ára og býr í Reykjavík. Hann hefur verið félagsmaður VR frá því herrans ári 1970, en í dag vinnur Haraldur hjá Exton ehf sem tollamála- og þjónustufulltrúi. Haraldur á tvo syni og tvö barnabörn. Helstu áhugamál hans eru hestamennska og veiði. Haraldur hefur verið duglegur að senda inn lausnir og hann tók það sérstaklega fram að hann fengi blaðið sent til sín rafrænt og sendi inn lausnina í rafpósti. Við óskum Haraldi innilega til hamingju!

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðu „krossgáta“ utan á umslagíð.

Skilafrestur er til 5. apríl 2015. Utanáskriftin er: **VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is



HEFUR KÖNNUN VR Á FYRIRTÆKI ÁRSINS OG LAUNAKJÖRUM 2015 EKKI ÖRUGGLEGA BORIST TIL ÞÍN?

VR gerir árlega könnun á líðan félagsmanna og launakjörum þeirra. Nær tuttugu ár eru frá því þessi könnun var fyrst gerð og er nú svo komið að hún er stærsta árlega könnun sinnar tegundar sem gerð er á Íslandi.

MARKMIÐIÐ MEÐ KÖNNUNINI ER MARGÞÆTT:

Í fyrsta lagi veita niðurstöður í launakönnun mikilvægar upplýsingar um laun og launakjör í mismunandi starfsgreinum og atvinnugreinum sem og þróun launa á milli ára. Þarna fá félagsmenn færi á að bera sín laun saman við aðra í sambærilegum störfum.

Í öðru lagi veita niðurstöður í launakönnun innsýn í þróun launa á milli ára, sem og upplýsingar um launamun kynjanna.

Í þriðja lagi er könnunin vettvangur starfsmanna til að láta stjórnendur vita hvað vel er gert og hvað má betur fara í starfsumhverfinu. Starfsmennirnir fá þannig tækifæri til að láta rödd sína heyrast.

Í fjórða lagi gefa niðurstöðurnar félagsmönnum dýrmætar upplýsingar um stöðuna á vinnustaðnum í samanburði við aðra sambærilega vinnustaði.

Í fimmta lagi eru niðurstöðurnar stjórnendum mikilvægur mælikvarði á þeirra frammistöðu og gefa upplýsingar um viðhorf starfsmanna til ólíkra þátta í stjórnun og starfsumhverfi fyrirtækisins.

Fyrstu árin tók þessi könnun eingöngu til félagsmanna VR en tekur nú til nær fimmtíu þúsund starfsmanna á vinnumarkaði. Auk VR leggja SFR stéttarfélag og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar könnunina fyrir sína félagsmenn. Til viðbótar bjóða mörg fyrirtæki öðrum starfsmönnum en VR-félögum þátttöku og þá taka flestir starfsmenn ríkisstofnana einnig þátt í ár eins og á síðasta ári.

UM HVAÐ ER SPURT?

Könnunin er tvískipt hvað félagsmenn VR varðar. Fyrri hlutinn snýr að líðan í vinnunni og er þessi hluti forsenda fyrir vali á Fyrirtæki ársins. Hér er leitað eftir viðhorfum til vinnustaðarins, s.s. aðbúnaðar og stjórnunar. Spurt er um líðan fólks í vinnunni, samskiptin á vinnustaðnum og hvernig stjórnendur koma fram við starfsmenn. Öðrum starfsmönnum fyrirtækja en einungis félagsmönnum VR stendur til boða að svara þessum hluta könnunarinnar og er það undir stjórnendum fyrirtækisins komið að óska eftir því við VR. Niðurstaðan er val á Fyrirtæki ársins í þessum stærðarflokkum fyrirtækja.

Hinn hluti könnunarinnar – spurningar um launin – snýr að félagsmönnum eingöngu. Þá er spurt um heildarlaun og aðrar launatengdar greiðslur fyrir janúarmánuð þessa árs. Í ár felur þessi hluti einnig í sér nokkrar aðrar spurningar, s.s. um jafnréttismálin, menntamálin og hver staðan er nú, nokkrum árum eftir hrun. Niðurstöður launakönnunar nýtast félagsmönnum til að meta eigin stöðu á vinnumarkaði hvað launin og launapróun varðar en einnig til að bera sig saman við aðra á vinnumarkaði á fjölmörgum öðrum sviðum.

LÁTTU VITA EF ÞÚ HEFUR EKKI FENGIÐ KÖNNUN!

Niðurstöðurnar í könnuninni um Fyrirtæki ársins verða kynntar í maí en launakönnunin verður birt í september. Capacent Gallup sér um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar, sem stendur til 22. mars. www.vr.is

Svaraðu launakönnuninni og þú gætir unnið glæsilega vinninga! Sjá nánar á www.vr.is

Veist þú hvað aðrir eru með í laun?

Launakönnun VR fer fram samhliða vali á fyrirtæki ársins. Hún gefur þér mikilvægar upplýsingar um laun á vinnumarkaði og er öflugt tæki til að bera saman launakjör. Þannig getum við öll stuðlað saman að eðlilegri og sanngjarnri þróun launa. Þú getur bókstaflega grætt á að taka þátt.

Svaraðu launakönnuninni og þú gætir unnið glæsilega vinninga:

- Gjafabréf frá Icelandair
- Passar á Iceland Airwaves
- Helgardvöl í orlofshúsi VR
- Bíómiðar
- Leikhúsmiðar

